skoðun 14

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Ferðalög innanlands

Fáránlega sætur
María Mjöll Björnsdóttir er einn mesti Justin Bieber aðdáandi landsins.
fólk 30

FRÉTTABLAÐIÐ

Þriðjudagur
28. júní 2011
148. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
10 ÁRA
2001 - 2011
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar – mars 2011

Kajakróður vinsæll á Ísafirði

Guðni Páll Viktorsson rær daglega kajak á Skutulsfirði.

allt 1

Íslenskir hagsmunir og ESB

Aðild Íslands að Evrópusambandinu er stórt skref í sögu landsins að mati Jóns Steindórs Valdimarssonar.

í dag 15

Biðin lengist enn

Fram er enn að bíða eftir fyrsta sigrinum í Pepsi-deild karla í sumar.

sport 26

veðrið í dag



HVASSAST V-TIL Í dag verður úrkoma á A- og N-verðu landinu. Víðast hvar 5-10 m/s en hvassara allra vestast og austast. Hiti 5-16 stig, hlýjast S-til.

VEÐUR 4

Kaffirjómi
Frábær út í kaffið og til matargerðar.

ms.is

Flugið ódýrara en rútuferð

Mun dýrara er að ferðast með rútu á milli Akureyrar og Reykjavíkur en með flugi. Rútuferðin kostar 11.000 en ódýrasta flugfargjaldið er 7.990. Talsmaður hópferðafyrirtækis segir markaðinn óviðráðanlegan.

SAMGÖNGUR Töluvert dýrara er að ferðast á milli Akureyrar og Reykjavíkur með rútu en með Flugfélagi Íslands. Ódýrasta flugfargjaldið á milli bæjarfélaganna er 7.990 krónur en rútuferðin með fyrirtækinu Sterna, sem er eina hópferðafyrirtækið sem sinnir þessum leiðum, kostar 11.000 krónur. Flugtími á milli er um 45 mínútur en rútuferðin tekur um sex klukkustundir.

Rúturnar taka mest um fimmtíu farþega í sæti og segir Óskar Stefánsson, framkvæmdastjóri Sterna, að afar fátítt sé að bílarnir séu fullsetnir. „Það er virkilegt happdrætti hvort við fáum fimmtíu manns," segir hann. Meðalfjöldi farþega í ferðunum sé um fimmtán.

Meðalrúta fer með um 130 lítra af eldsneyti á leiðinni á milli Akureyrar og Reykjavíkur, sem

> Ég held að við séum orðin svo háð einkabílum og öðrum samgönguleiðum. Við ráðum ekkert við þessa samkeppni.
>
> **ÓSKAR STEFÁNSSON**
> FRAMKVÆMDASTJÓRI STERNA

gerir um 31.000 krónur fyrir fyrirtækið. Bílstjóri fær greitt fyrir tíu klukkustunda vinnu og segir Óskar að þegar allt sé dregið saman sé kostnaður fyrirtækisins um 100 þúsund krónur fyrir hverja ferð.

Á síðasta ári bauð Sterna fimmtíu prósenta afslátt af öllum fargjöldum. Óskar segir það þó ekki hafa virkað sem skyldi og hefur ekki trú á því að hægt sé að kaupa fólk í rúturnar með lágum fargjöldum. Árið 2009 var rukkað fullt gjald og var farþegatalan það ár hærri en í fyrra.

Akureyri - Reykjavík

Ferð með áætlunarflugi	Krónur
Flugtími 40 til 45 mínútur	
Forgangur	15.620
Ferðasæti	13.060
Sparsæti	11.180
Bónussæti	9.980
Nettilboð	7.990

Ferð með rútu	Krónur
Ferðatími um sex klukkustundir	
Almennt verð	11.000
Námsmenn (vetur)	5.500

„Þetta virkaði ekki. Ég held að við séum orðin svo háð einkabílum og öðrum samgönguleiðum," segir hann. „Við ráðum ekkert við þessa samkeppni."

Fokker 50-vélar Flugfélags Íslands taka fimmtíu manns í sæti og eru það algengustu vélarnar sem fljúga á milli Akureyrar og Reykjavíkur. Leiguflug á milli staða kostar um 350 þúsund krónur og séu öll sæti seld er kostnaðurinn á mann 7.000 krónur. Árni Gunnarsson, framkvæmdastjóri Flugfélags Íslands, segir það færast í aukana að stórir hópar nýti sér flugferðir á milli staða. Árni segir þó að eldsneytisverð bitni mikið á flugfélögunum og sá kostnaður vegi mjög þungt.

„Um tuttugu prósent af okkar kostnaði eru eldsneyti og um leið og olíuverð hækkar lendir það alveg jafn mikið á okkur og hinum almenna neytanda," segir hann. „En við erum að reyna að halda aftur af verðhækkunum, sem virðist vera að bera þann árangur að farþegum fjölgar." - sv

AÐILDARVIÐRÆÐUR HAFNAR Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra dró enga dul á að Íslendingar yrðu Evrópusambandinu erfiðir þegar kæmi að sjávarútvegsmálum við upphaf aðildarviðræðna í gær. Hann ræddi við fjölmiðlamenn ásamt Janos Martonyi, utanríkisráðherra Ungverjalands, og Stefan Füle, stækkunarstjóra ESB (til hægri), í Brussel í gær. **Sjá síðu 4**

NORDICPHOTOS/AFP

Árleg skýrsla Fíkniefna- og glæpaskrifstofu Sameinuðu þjóðanna kynnt:

Dánartíðni hér með því hæsta

HEILSA Ísland er meðal fjögurra þjóða Evrópu þar sem dánartíðni af völdum fíkniefna er hvað hæst, að því er fram kemur í árlegri skýrslu Fíkniefna- og glæpaskrifstofu Sameinuðu þjóðanna um fíkniefni í heiminum sem gerð var opinber í lok síðustu viku.

Þar kemur fram að í löndunum fjórum verði yfir hundrað fíkniefnatengd dauðsföll á hverja milljón íbúa á ári. Meðaldánartíðni vegna fíkniefna í Evrópu á hverja milljón íbúa er 46 til 48 á ári. Hinar þrjár Evrópuþjóðirnar þar sem dánartíðni er yfir hundrað á hverja milljón íbúa eru Úkraína, Írland og Lúxemborg. Tölurnar byggja á gögnum frá árinu 2009 sem Fíkniefna- og glæpaskrifstofa Sameinuðu þjóðanna hefur aflað hér á landi.

Þórarinn Tyrfingsson, framkvæmdastjóri meðferðarsviðs á Vogi, hafði ekki kynnt sér niðurstöður skýrslunnar þegar haft var samband við hann en sagði þó að þær kæmu sér á óvart. - mmf / sjá Allt

Færum myndbandsspólur yfir á DVD
3 fyrir 2
Þú kemur með 3 en borgar aðeins fyrir 2
15 mín - 1495kr
30 mín - 1995kr
60 mín - 2495kr
90 mín - 2995kr
Tilboðið gildir til 30. júní 2011

Ný heimildarmynd í vinnslu:

Kortleggur feril Gauja Þórðar

FÓLK Trausti Salvar Kristjánsson, knattspyrnuáhugamaður vinnur nú að heimildarmynd um Guðjón Þórðarson knattspyrnuþjálfara. Trausti hefur fylgst með vinnu Guðjóns við þjálfun BÍ/Bolungarvíkur síðan í vor.

GUÐJÓN ÞÓRÐARSON

Ferill Guðjóns er bæði langur og áhugaverður, svo Trausti ætti að hafa úr nægu að moða: „Hann er náttúrulega mjög umdeild persóna og þjálfari. Þetta er því ekki bara heimildarmynd um knattspyrnuþjálfarann Guðjón Þórðarson heldur einnig um pabbann, eiginmanninn og manneskjuna sjálfa," segir Trausti Salvar. - fgg / sjá síðu 30

SANYL ÞAKRENNUR

• RYÐGA EKKI
• PASSA Í GÖMLU RENNUJÁRNIN
• STANDAST ÍSLENSKT VEÐURFAR
• AUÐVELDAR Í UPPSETNINGU
• ÓDÝR OG GÓÐUR KOSTUR
ÁLFABORG
Skútuvogi 6 • Sími 568 6755

SPURNING DAGSINS

Kjartan, hafa viðræðurnar ekki komist almennilega á flug?

„Viðræðurnar brotlentu á laugardaginn en vonandi tekst að koma þeim á loft aftur og að endingu lenda þeim á sómasamlegan hátt.“

Kjartan Jónsson er framkvæmdastjóri Félags íslenskra atvinnuflugmanna.

Rod Blagojevich, fyrrverandi ríkisstjóri í Illinois, sekur um flest ákæruatriðin:

Sakfelldur og furðu lostinn

BANDARÍKIN, AP Rod Blagojevich, fyrrverandi ríkisstjóri í Illinois, var í gær sakfelldur af kviðdómi fyrir sautján af 20 ákæruatriðum í réttarhöldum, sem snerust um spillingarmál.

Blagojevich var meðal annars sakfelldur fyrir öll þau ákæruatriði sem lutu að tilraunum hans til að selja þingsæti Illinois-ríkis í öldungadeild Bandaríkjanna, en sætið losnaði þegar Barack Obama varð forseti.

Blagojevich virtist furðu lostinn vegna niðurstöðu kviðdómsins. „Hvað gerðist?“ sagði hann og sneri sér að lögmanni sínum. Hann á yfir höfði sér allt að 300 ára fangelsisdóm samtals, en áður hafði hann hlotið fimm ára fangelsisdóm fyrir að hafa orðið uppvís að lygum.

ROD BLAGOJEVICH Reyndi, sem ríkisstjóri, að selja þingsæti Baracks Obama til hæstbjóðanda. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þetta eru önnur réttarhöldin yfir Blagojevich, en þau fyrri fóru þannig að kviðdómurinn komst ekki að sameiginlegri niðurstöðu nema um eitt af ákæruatriðunum.

Blagojevich hefur nú í tvö og hálft ár farið mikinn í að reyna að sannfæra bandarísku þjóðina um sakleysi sitt. - gb

Skurðir á kynfærum hrossa:

Lögreglan leitar dýraníðings

LÖGREGLUMÁL Lögregla hefur yfirheyrt nokkra í tengslum við hestaníðingsmál sem kom upp á einu þekktasta hrossabúi landsins fyrir skömmu. Enginn hafi réttarstöðu grunaðs manns.

Skurðir sem taldir eru vera af mannavöldum hafa fundist á kynfærum og á snoppu þriggja hrossa. Hryssurnar þrjár sem um ræðir eru frá bænum Flugumýri í Skagafirði.

Svipað mál kom upp í umdæmi lögreglunnar á Egilsstöðum fyrir rúmum mánuði. - mþl

Banaslys í Kverkfjöllum:

Maður varð fyrir íshröngli

SLYS Erlendur maður á sextugsaldri lést í gær í íshelli í Kverkfjöllum. Íshröngl féll niður úr þaki hellisins og varð honum að bana.

Hann var fararstjóri fyrir hópi sex erlendra ferðamanna. Hópurinn dvaldi í nótt í skála í Kverkfjöllum og naut þar aðhlynningar skálavarða.

Slysið varð um miðjan dag í gær og barst tilkynning um hálffjögur síðdegis. Björgunarsveitir frá Vopnafirði fóru strax á staðinn ásamt lögreglunni frá Egilsstöðum og rannsóknarlögreglumanni frá Eskifirði. - gb

ICELANDAIR Fimmtán flug féllu niður um helgina vegna yfirvinnubanns flugmanna. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Kjaradeila flugmanna:

Fundir stóðu í allan gærdag

KJARAMÁL Forsvarsmenn flugmanna og Icelandair hittust á nýjan leik í gær til að ræða kjarasamning. Viðræður höfðu legið niðri frá því á laugardag en töluvert ber ennþá á milli. Fundurinn stóð langt fram á kvöld.

„Það er einhver hreyfing á málunum þannig að maður er bara vongóður,“ segir Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Icelandair. Guðjón segir ekki gert ráð fyrir frekari röskunum á flugi í vikunni en lítið megi út af bregða vegna yfirvinnubanns flugmanna.

Kjartan Jónsson, framkvæmdastjóri félags atvinnuflugmanna, sagði lítið að frétta í gærkvöldi en bætti við að langur fundur boðaði vonandi gott. - mþl

Atvinna í sjávarbyggðum:

Skötuselsfé fer í atvinnusköpun

ATVINNUMÁL Styrkjum hefur verið úthlutað úr verkefninu Atvinnusköpun í Sjávarbyggðum, sem byggir á tekjum af sölu aflaheimilda í skötusel. Mikill áhugi var á verkefninu en alls bárust 123 umsóknir víðs vegar að af landinu.

Eftir umfjöllun stjórnar var gerð tillaga um að styrkja 32 verkefni, sem var í framhaldinu staðfest af iðnaðarráðherra. Horft var til þess að styrkja nýsköpunarverkefni og stærri samstarfsverkefni fyrirtækja, háskóla og rannsóknarstofnana um vöru eða þjónustu sem skila varanlegum verðmætum og atvinnu. - shá



BARNANÍÐ Mikið magn mynda fannst í gögnum mannsins, þar á meðal barnaníðsmyndir sem hann hafði sótt á netið.

Níddist á telpu og myndaði athæfið

Karlmaður á fimmtugsaldri situr í varðhaldi grunaður um að hafa nauðgað stjúpdóttur sinni og misnotað hana mánuðum saman. Í fórum hans fundust myndir af honum með barninu. Stúlkan var átta ára þegar ofbeldið hófst.

DÓMSMÁL Karlmaður á fimmtugsaldri, búsettur í Vestmannaeyjum, situr nú í gæsluvarðhaldi vegna rökstudds gruns að hann hafði níðst kynferðislega á stúlkubarni svo mánuðum skipti.

Athæfið átti sér stað síðari hluta árs 2009 og fyrri hluta ársins 2010. Í fórum hans fannst fjöldi ljósmynda og hreyfimynda sem hann hafði meðal annars tekið af sér og barninu. Telpan var átta og níu ára þegar ofbeldið stóð yfir. Einnig fannst mikið magn myndefnis sem hann hafði aflað sér á netinu.

Karl Gauti Hjaltason, sýslumaður í Vestmannaeyjum, staðfesti að alvarlegt kynferðisbrotamál hafi verið til rannsóknar í allan vetur í umdæmi hans. Hann kvaðst ekki geta tjáð sig nánar um málið, þar sem það væri mjög viðkvæmt.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins bjuggu móðir litlu stúlkunnar og maðurinn saman til þess tíma er ódæðið komst upp. Grunur vaknaði um afbrigðilega hegðun hans þegar vinkona stjúpdóttur hans fékk að gista hjá henni. Hún sagði frá því að maðurinn hefði káfað á sér meðan hún var sofandi. Í kjölfarið, vorið 2010, komst upp að hann hafði ítrekað misnotað stjúpdóttur sína gróflega.

Stúlkurnar fóru í viðtöl í Barnahúsi og stjúpdóttirin þurfti mörg viðtöl og umtalsverða aðstoð áður en hún hafði náð sér nægilega mikið til að geta sagt lögreglu frá því ofbeldi sem hún hafði verið beitt.

Gögn sem fundust hjá manninum voru rannsökuð og lágu niðurstöður fyrir síðastliðið haust. Geðrannsókn var gerð á manninum og reyndist hann sakhæfur.

Þriðja kæran barst síðan á hendur manninum þar sem ung kona kærði hann fyrir að hafa áreitt sig kynferðislega fyrir átta árum, þegar hún var ung stúlka.

Maðurinn sem um ræðir var í Héraðsdómi Suðurlands síðastliðinn laugardag úrskurðaður í gæsluvarðhald í einn mánuð á grundvelli almannahagsmuna. Í gæsluvarðhaldskröfu Ríkissaksóknara er hann sakaður um nauðgun, ásamt fleiri brotum. Hann hefur kært úrskurðinn til Hæstaréttar.

jss@frettabladid.is

Kynferðisbrot í kirkjunni:

Kaþólska kirkjan skipar rannsóknarnefnd

TRÚMÁL Pétur Bürcher, biskup kaþólsku kirkjunnar á Íslandi, hefur ákveðið að skipuð verði sjálfstæð rannsóknarnefnd sem fjalla á um þær ásakanir um kynferðislega misnotkun innan kirkjunnar sem komið hafa fram að undanförnu.

Vísir greindi frá þessu í gærkvöldi en þar segir að Pétur hafi veitt Róberti Spanó, prófessor í lögfræði, umboð til að manna nefndina og útbúa það regluverk sem hún muni síðan vinna eftir.

Róbert veitti forystu rannsóknarnefnd kirkjuþings sem skilaði nýverið af sér skýrslu um kynferðisbrot innan þjóðkirkjunnar. Hann mun þó ekki taka sæti í þessari nefnd að sögn Vísis. - mþl

Verðbólgan fer vaxandi:

Tólf mánaða verðbólga 4,2%

EFNAHAGSMÁL Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,5 prósent í júní samkvæmt tölum frá Hagstofunni. Tólf mánaða verðbólga er þar með 4,2 prósent og hefur ekki mælst hærri síðan í ágúst á síðasta ári.

Verð á mat og drykkjarvöru hækkaði um 1,2 prósent í júní. Þá hækkun má að stórum hluta rekja til töluverðar hækkunar á verði kjötvara sem nam 6,9 prósentum. Síðustu þrjá mánuðu hefur vísitala neysluverðs hækkað um 2,2 prósent sem jafngildir 9,2 prósenta verðbólgu á ársgrundvelli. - mþl

ÍSAFJÖRÐUR Almenningssamgöngur eru grundvöllur þess að hægt sé að stunda atvinnu segja íbúasamtök.

Íbúasamtök mótmæla:

Segja fáar ferðir til Ísafjarðar

ÍSAFJARÐARBÆR Íbúasamtökin Átak í Dýrafirði hafa enn á ný mótmælt niðurskurði í almenningssamgöngum í Ísafjarðarbæ. Telja þau núverandi þjónustu í lágmarki og frekari niðurskurð ekki verjandi. Frá þessu er sagt á vef Bæjarins besta.

Samtökin segja að tvær ferðir seinnipart dags á milli Þingeyrar, Flateyrar og Ísafjarðar séu lágmark, þar sem svæðið sé eitt atvinnusvæði. Almenningssamgöngur séu grundvöllur þess að hægt sé að stunda atvinnu í öðrum byggðakjarna.

Bæjarráð Ísafjarðar hefur tekið erindið fyrir og bókað að verið sé að uppfylla meginábendingar hvað almenningssamgöngur varðar. - kóp

Michele Bachmann tilkynnir um þátttöku sína í forvali repúblikana:

Hvetur kjósendur til dirfsku

BANDARÍKIN, AP Michele Bachmann stimplaði sig formlega inn í forkosningabaráttu Repúblikanaflokksins fyrir forsetakosningar sem haldnar verða seint á næsta ári.

Bachmann hefur verið áberandi innan Teboðshreyfingarinnar svonefndu, sem gert hefur usla innan Repúblikanaflokksins með róttækum hægriskoðunum og uppátækjum sem hafa vakið athygli kjósenda en einnig furðu og gagnrýni.

Sjálf er hún þekkt fyrir að liggja ekki á skoðunum sínum og missa stundum út úr sér ummæli sem andstæðingar hennar nota sér síðan óspart og gera grín að.

Hún skýrði frá framboði sínu á mánudag í Waterloo, heimabæ sínum í Iowa. Samkvæmt skoðanakönnunum þykir hún eiga möguleika á því að verða forsetaefni repúblikana í Iowa, en óvíst er hvort hún á minnstu möguleika annars staðar í Bandaríkjunum.

„Við höfum ekki efni á því að hafa Obama fjögur ár í viðbót,“ sagði hún og uppskar fagnaðarlæti stuðningsmanna sinna. Sjálf sagðist hún vera góður valkostur fyrir Bandaríkjamenn sem þyrðu að taka djarfar ákvarðanir: „Kjósendur verða að taka djarfa ákvörðun ef við ætlum að tryggja fyrirheit framtíðarinnar.“ - gb

VEIFAR STUÐNINGSMÖNNUM Bachmann skýrði frá framboði sínu í hópi vina og stuðningsmanna í Iowa. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

ÁSKORUN

STÖNDUM SAMAN

Við skorum á ríkisstjórn Íslands og Alþingi að standa af heilindum að umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu sem meirihluti landsmanna styður. Til þess að þjóðin megi njóta fjölmargra kosta fullrar aðildar þarf að ná samningi sem tryggir framtíðarhagsmuni Íslendinga sem fullvalda og sjálfstæðrar þjóðar. Efnahagslegur stöðugleiki, lægri vextir, afnám verðtryggingar, lægra matvælaverð og þátttaka í ákvörðunum um eigin örlög er meðal grundvallarkosta aðildar.

Við viljum að aðildarsamningur tryggi meðal annars eftirfarandi:

- Íslendingar fái aðgang að öllum stofnunum ESB og verði fullgildir þátttakendur við allar ákvarðanir
- Íslendingar geti tekið upp evru sem allra fyrst
- Neytendur fái notið lægra verðs matvæla með afnámi tolla
- Neytendur hafi frelsi til að kaupa vörur og þjónustu án hindrana eða aukagjalda frá öllum ríkjum ESB, t.d. með netverslun
- Efnahagslegur ávinningur Íslendinga af auðlindum hafsins verði áfram tryggður
- Verndunarsjónarmiða verði gætt þannig að náttúruauðlindir Íslands nýtist framtíðarkynslóðum Íslendinga
- Íslendingar haldi fullum yfirráðum yfir orkuauðlindum sínum
- Markviss stuðningur við dreifðar byggðir verði tryggður
- Íslendingar hafi frelsi til að styðja landbúnað
- Íslenska verði eitt af opinberum tungumálum ESB
- Ísland verði ávallt herlaus þjóð og Íslendingar þurfi aldrei að gegna herskyldu

Já Ísland er sameiginlegur vettvangur einstaklinga og félagasamtaka sem eru hlynnt aðild Íslands að ESB enda verði framtíðarhagsmunir þjóðarinnar tryggðir. Auglýsingin er greidd með frjálsum framlögum og vinnuframlagi sjálfboðaliða. Já Ísland - Skipholti 50a, 105 Reykjavík | sími 517 8874 | jaisland@jaisland.is

Já! ÍSLAND

Jaisland | www.jaisland.is

Samninganefnd Íslands gengur nú til eiginlegra samningaviðræðna um aðild Íslands að Evrópusambandinu í samræmi við ákvörðun Alþingis. Við óskum henni alls hins besta í erfiðu verkefni og hvetjum alla landsmenn til þess að standa þétt að baki henni og veita henni stuðning og aðhald til þess að hún nái sem bestum árangri.

Það er sameiginlegur hagur okkar allra.

GENGIÐ 27.06.2011

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	115,88	116,44
Sterlingspund	185,42	186,32
Evra	164,84	165,76
Dönsk króna	22,098	22,228
Norsk króna	21,108	21,232
Sænsk króna	17,902	18,006
Japanskt jen	1,4354	1,4438
SDR	184,09	185,19

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
220,4489
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Kólígerlafaraldurinn sem geisað hefur í Evrópu hefur kostað fjölda fólks lífið:

Í það minnsta 47 látist í Evrópu

BERLÍN, AP Þrír hafa bæst í hóp látinna vegna kólígerlafaraldursins í Evrópu. Samtals hafa því í það minnsta 47 látist, að sögn þýskra yfirvalda. Einn Svíi hefur látist vegna faraldursins og 46 Þjóðverjar.

Nýjum smitum vegna faraldursins hefur fækkað mikið á síðustu vikum en alls hafa 3.801 einstaklingur veikst í Þýskalandi. Þar af eru 834 alvarlega veikir. Þá hafa 119 tilvik komið upp í 15 öðrum löndum en uppruni sýkingarinnar hefur verið rakinn til býlis í norðurhluta Þýskalands.

„Enn er ekki vitað hvernig sýkingin varð til," segir Nina Bansbach, talskona Neytendavarna- og mataröryggisstofnunar Þýskalands.

RANNSÓKNIR Víða í Evrópu er sýkt grænmeti til rannsóknar en vísindamönnum hefur ekki tekist að greina orsakir faraldursins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Svo virðist sem annar, ótengdur, kólígerlafaraldur sé farinn af stað í Frakklandi. Af átta tilvikum sem komið hafa upp þar í landi undanfarið er í einungis þremur tilfellum um sömu bakteríu að ræða.

„Rannsókn er hafin en fyrstu niðurstöður benda til þess að sýkinguna megi rekja til franskra spíra," sagði í tilkynningu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, WHO, frá því í gær. „Verið er að kanna alla möguleika á því að rót sýkinganna sé sameiginleg en aðrar orsakir eru einnig til skoðunar," sagði í tilkynningunni. - mþl

Játaði að hafa drukkið blóð:

Mannæta í lífstíðarfangelsi

ÞÝSKALAND, AP Maður sem kallaður hefur verið „mannætumorðinginn" var í Þýskalandi í gær dæmdur í lífstíðarfangelsi fyrir tvö morð.

Maðurinn, sem er 26 ára, játaði að hafa drukkið blóð og borðað hold fórnarlamba sinna, fjórtán ára stúlku og þrettán ára drengs. Börnin voru myrt með fimm daga millibili í nóvember síðastliðnum.

Dómari sagði við dómsuppkvaðningu að morðin væru nánast óhugsanlegir glæpir. - þeb

Á SPRENGISANDI Búist er við því að suðurhluti Sprengisands muni opnast í þessari viku. MYND/KRISTBJÖRN GUNNARSSON

Hálendisvegir enn lokaðir:

Meiri snjór á fjallvegum en undanfarin ár

SAMGÖNGUR Allur akstur er enn bannaður um flesta hálendisvegi landsins. Opnun veganna er því um þremur vikum á eftir því sem verið hefur undanfarin ár. Ekki hefur verið opnað fyrir akstur vegna aurbleytu og hættu á skemmdum.

G. Pétur Matthíasson, upplýsingafulltrúi Vegagerðarinnar, segir þessa lokun ekki óeðlilega, en ástæðan sé einfaldlega sú að það hafi verið minni snjór undanfarin ár. „Vegirnir eru nú að opnast smám saman. Við reiknum með að Kaldidalur og suðurhluti Sprengisands opnist í þessari viku," segir Pétur. „Það er tvísýnna með Norðurleiðina, þar er enn mikill snjór." - sv

LEIÐRÉTTING

Ranglega var sagt í undirfyrirsögn á forsíðu Fréttablaðsins í gær að kærugleði ríkissaksóknara vekti upp spurningar. Eins og fram kom í meginmáli greinarinnar var þar um ríkislögmann að ræða.

Ögrun fólgin í sjávarútvegi

Aðildarviðræður Íslands við ESB eru hafnar. Viðræður um fyrstu fjóra kaflana hófust í gær og hefur tveimur köflum þegar verið lokað. Íslendingar verða ESB erfiðir í sjávarútvegsmálum segir utanríkisráðherra.

BRUSSEL, FRÉTTABLAÐIÐ Íslensk stjórnvöld eru tilbúin að hefja viðræður um alla kafla aðildarviðræðna við Evrópusambandið, að sögn Össurar Skarphéðinssonar utanríkisráðherra. Stækkunarstjóri sambandsins segir það verða mikla ögrun bæði fyrir Íslendinga og sambandið að takast á um sjávarútvegsmálin.

Formlegar aðildarviðræður Íslands hófust á ríkjaráðstefnu Evrópusambandsins í Brussel í gær sem stóð í rúma klukkustund. Árni Þór Sigurðsson, formaður utanríkismálanefndar Alþingis, sat fundinn með utanríkisráðherra ásamt Stefáni Hauki Jóhannessyni, formanni samninganefndar Íslands.

János Martonyi, utanríkisráðherra Ungverjalands, sem nú er að ljúka forsæti sínu hjá sambandinu, lýsti yfir ánægju sinni með að formlegar viðræður væru nú hafnar við Íslendinga. Ungverjar lögðu sérstaka áherslu á það á tíma sínum sem forysturíki sambandsins að sinna stækkunarferli þess.

Martonyi sagði Íslendinga koma vel undirbúna að viðræðunum. Öll ríki sem gerst hefðu aðilar að Evrópusambandinu hefðu einhverja sérhagsmuni og í tilfelli Íslendinga væru það sjávarútvegs- og landbúnaðarmál. Hann væri sannfærður um að Íslendingum og Evrópusambandinu tækist að komast að viðráðanlegri niðurstöðu í þessum málum.

Össur lagði til á ríkjaráðstefnunni að formlegar viðræður hæfust sem allra fyrst um alla þá málaflokka sem nauðsynlegt væri að ná samkomulagi um. Á ríkjaráðstefnunni í gær voru fjórir af 35 köflum samninganna teknir fyrir og umræðum um tvo þeirra lokið. Það var um mennta- og menningarmál, vísindi og rannsóknir, upplýsingasamfélagið og fjölmiðla og loks kaflinn um opinber innkaup.

Utanríkisráðherra sagði Íslendinga koma vel undirbúna til viðræðnanna en dró engan dul á að Íslendingar yrðu Evrópusambandinu erfiðir þegar kæmi að sjávarútvegsmálunum. Hann sagði við spænskan fréttamann sem spurði hann um þau mál að Spánverjar væru stórveldi í sjávarútvegsmálum innan ESB en sem betur fer væru samskipti Íslands og Spánar ákaflega vinsamleg.

Stefan Füle, stækkunarstjóri Evrópusambandsins, viðurkenndi einnig að sjávarútvegsmálin yrðu erfið viðureignar og ögrun bæði fyrir ESB og Íslendinga. Íslendingar rækju sjálfbæra sjávarútvegsstefnu sem væri markmið sem ESB hefði einnig sett sér en sjávarútvegsstefna ESB væri í mótun um þessar mundir.

Árni Þór Sigurðsson, formaður utanríkismálanefndar Alþingis, var að sitja sinn fyrsta fund við samningaborðið í Brussel. Hann sagðist ánægður með að viðræðurnar hæfust af krafti og hann vildi að þjóðin fengi sem fyrst að taka afstöðu til niðurstöðu samninga. Árni Þór sagðist styðja þá ákvörðun Alþingis að ganga til viðræðnanna og að þjóðin fengi síðan að hafa lokaorðið um hvort Ísland gerðist aðili að ESB eða ekki.

Árni Þór sagðist myndu gefa utanríkismálanefnd skýrslu um ríkjaráðstefnuna og reiknaði með að nefndin og jafnvel aðrir þingmenn kæmu að samningaviðræðunum, eins og ályktun Alþingis gerði ráð fyrir. Þótt íslensk stjórnsýsla væri fámenn hefði hún staðið sig vel í undirbúningi og aðdraganda viðræðnanna.

hmp@stod2.is

HANDSALAÐ Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra handsalaði í gær samkomulag um upphaf aðildarviðræðna Íslands við Janos Martonyi, utanríkisráðherra Ungverjalands, og Stefan Füle, stækkunarstjóra ESB. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

35 kaflar verða til umræðu í aðildarviðræðum Íslands við Evrópusambandið, en viðræðum um tvo kafla er þegar lokið.

HÓPKAUP.IS Í DAG

NAGLALAKK FRÁ NAILS INC. LONDON – 4 HIMNESKIR LITIR

2.890 kr. GILDIR Í 24 TÍMA

Verð 6.990 kr. | Afsláttur 59% | Afsláttur í kr. 4.100 kr.

20 viðskiptavini þarf til að virkja tilboðið

PIPAR\TBWA • SÍA • 111531

Mjög endingargott, hágæða naglalakk í gullfallegum litum sem fara öllum konum.

www.beautybar.is

HÓPKAUP

í krafti fjöldans

hópkaup.is

VEÐURSPÁ

Snjólaug Ólafsdóttir veðurfréttamaður

BLAUTT N-TIL
Úrkoma í dag á N- og A-landi. Einhver væta N-til á morgun en ekki eins blautt. Á fimmtudag ætti að vera bjart með köflum S- og V-til og að mestu þurrt.



HEIMURINN

Alicante	30°
Basel	30°
Berlín	27°
Billund	25°
Frankfurt	31°
Friedrichshafen	32°
Gautaborg	23°
Kaupmannahöfn	23°
Las Palmas	26°
London	20°
Mallorca	31°
New York	29°
Orlando	26°
Ósló	22°
París	30°
San Francisco	16°
Stokkhólmur	25°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is*, Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*

Ertu að leita upplýsinga?
www.suzuki.is

SUZUKI

Way of Life!

Ertu Swift?

Nýr Suzuki Swift

FOR SAFER CARS
EURO NCAP
www.euroncap.com

Einn vinsælasti bíllinn á Íslandi undanfarin ár
nú enn betri og flottari.
Swiftinn er stærri og rúmbetri og er með
einstaklega sparneytinni 94 hestafla vél, býðst beinskiptur
og sjálfskiptur og einnig með fjórhjóladrifi beinskiptur.
Swiftinn hlaut 5 stjörnur i N-CAP öryggisprófuninni og kemur með
ESP stöðugleikakerfi og 7 öryggisloftpúðum sem staðalbúnaði.

Verð frá 2.580 þús.
Eyðsla frá 5,0L/100km
(blönduðum akstri,
beinskiptur)
CO^2 116g/km

FYRIR SKYNSAMT FÓLK

SUZUKI

TRAUST UMBOÐ Í YFIR 40 ÁR

SUZUKI BÍLAR HF · SKEIFUNNI 17 · SÍMI 568 5100 · WWW.SUZUKI.IS

Hugtök Markaðsráðgjöf Júní 2011

KJÖRKASSINN

Hefur þú samúð með kröfum flugmanna í kjaradeilu þeirra?

JÁ 16%

NEI 84%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Veiðir þú á stöng?

Segðu skoðun þína á visir.is

Bólusetningar gegn leghálskrabbameini hjá öllum tólf ára stúlkum hér á landi byrja í september:

Talið minnka líkur um 60 til 70 prósent

HEILBRIGÐISMÁL Bólusetningar gegn leghálskrabbameini á öllum tólf ára stúlkum hér á landi hefjast í september næstkomandi.

Landlæknisembættið hefur gert samning um kaup á bóluefni gegn HPV (Human Papilloma Virus) sýkingum og leghálskrabbameini og í kjölfarið var samið um kaup á bóluefninu Cervarix, sem notað verður í almennum bólusetningum á stúlkum hér á landi.

Talið er að með almennri bólusetningu megi koma í veg fyrir um sextíu til sjötíu prósent leghálskrabbameins og um fjörutíu prósent alvarlegra forstigsbreytinga þess. Hér á landi greinast árlega um sautján konur með leghálskrabbamein og um 300 konur með alvarlegar forstigsbreytingar.

Veturinn 2011 til 2012 verða stúlkur fæddar 1998 og 1999 bólusettar. Í framhaldi af því verða allar tólf ára stúlkur bólusettar árlega. Þetta kemur fram í tilkynningu frá landlæknisembættinu.

Full bólusetning felur í sér þrjár sprautur og áætlað er að bólusett verði í skólum landsins, en framkvæmd bólusetningarinnar er á ábyrgð heilsugæslunnar. Fræðsluefni til stúlkna og foreldra þeirra verður dreift í byrjun skólaárs 2011. Með bólusetningunni verður komið í veg fyrir sýkingar af völdum HPV sem valdið geta leghálskrabbameini. - sv

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

BÓLUSETNING Talið er að bólusetningarnar minnki líkur á forstigsbreytingum leghálskrabbameins hjá stúlkum um fjörutíu prósent.

Förgun skilakjöts kostar tugi milljóna

Mötuneyti kaupa hluta af því kjöti sem verslanir skila til kjötframleiðanda. Yfirkokkurinn á Vogi kveðst hafa keypt hamborgarhryggi af kjötvinnslum með helmings afslætti. Neytandinn á endanum segir framkvæmdastjóri Norðlenska.

FRÉTTASKÝRING

Hvað verður um kjöt sem verslanir senda til baka til kjötvinnslna?

Förgun kjötvöru sem kjötvinnslufyrirtækið Norðlenska ehf. fær til baka vegna skilaréttar kostar fyrirtækið tugi milljóna króna á ári, að sögn Sigmundar Einars Ófeigssonar framkvæmdastjóra. Hann segir Norðlenska ekki bjóða mötuneytum kjötvöru sem sé að renna út á tíma.

„Við vitum auðvitað ekki hvernig kælingin í verslununum hefur verið. Sumt af skilavöru sem fryst er fyrir síðasta söludag getum við nýtt í okkar eigin mötuneyti," greinir Sigmundur frá.

Hann segir starfsmenn fyrirtækisins fjarlægja kjötvörurnar úr verslunum fyrir síðasta söludag.

„Neytandinn hættir að kaupa vörurnar þegar einn til tveir dagar eru eftir í síðasta söludag. Varan lifir samt í nokkra daga eftir það. Verðmætin sem fara í súginn eru mikil. Senda þarf vöruna aftur til okkar og við tökum þann kostnað á okkur. Vegna flokkunar sorps þarf að taka vöruna úr plastinu og það er heilmikil vinna."

Inntur eftir því hvort þessi kostnaður fari ekki út í verðlagið segir Sigmundur að eflaust sé það neytandinn sem borgi á endanum. Hins vegar sé erfitt að meta hvort hugmyndir Bónuss um afnám skilaréttarins lækki vöruverð. Vegna skilaréttarins hafa kjötsalar ákveðið magn kjöts sem fer í verslanir og raðað því í hillur. „Vonandi kemur breytingin neytendum til góða en eftir er að sjá hvernig úr þessu spilast."

Eiður Gunnlaugsson, forstjóri Kjarnafæðis, segir reynt að fjarlægja kjötvöruna úr verslunum áður en hún rennur út. „Við seljum hana þá einhverjum öðrum í einhvers konar mötuneyti og svoleiðis."

INNKAUP Bónus vill afnema skilarétt á kjötvörum. Vonast er til að það lækki vöruverð.

FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

Hann segir enga reglu gilda um hvaða vörur séu seldar mötuneytum. „Það er bara unnið úr þessum málum. Tökum sem dæmi lambalæri sem á stendur að síðasti söludagur sé þriðjudagur. Þá er það tekið úr sölu á mánudegi. Það er ekkert mál að selja það með afslætti í mötuneyti sem eldar úr því á þriðjudeginum."

Yfirkokkurinn á Vogi, Haukur Hermannsson, segir hægt að gera góða samninga við kjötvinnslufyrirtæki um kaup á skilavöru. „Afslátturinn hefur verið um fimmtíu prósent. Ég kaupi hins vegar aldrei ferskvöru. Ég hef keypt hamborgarhryggi eftir stórhátíðir en þá safnast kannski upp birgðir. Varan er fersk fram á síðasta söludag og þá er hún fryst. Ég tæki aldrei séns á að kaupa ferska vöru komna á tíma."

Ágúst Andrésson, forstöðumaður kjötafurðastöðvar Kaupfélags Skagfirðinga, segir samkomulagið um skilarétt ekki eðlilega viðskiptahætti.

„Ég fagna hugmynd Bónuss um afnám skilaréttar. Mín skoðun er sú að neytendur eigi að fá að njóta þess þegar styttast fer í líftíma vörunnar, eins og tíðkast í nágrannalöndum okkar. Við tökum okkar eigin ákvörðun um afnám skilaréttar og erum að vinna okkur út úr þessu. Reyndar truflar þetta okkur minnst, þar sem við vinnum mest með frosið kjöt. Svo á eftir að koma í ljós hvort þeir sem eru með þannig stöðu að þeir vilja ekki hleypa öðrum að í verslununum vilja halda í þessa viðskiptahætti."

ibs@frettabladid.is

Utanríkisráðherrar ESB tregir til að skuldbinda sig gagnvart fleiri ríkjum í bili:

Úkraína vill fá aðildarheit ESB

EVRÓPUMÁL Úkraínumenn vilja sterkara orðalag um að þeim kunni að standa aðild að ESB til boða í framtíðinni en utanríkisráðherrar ESB hafa viljað kvitta upp á. Þetta segir sendiherra landsins gagnvart ESB, Kostíantín Jelisejev, í viðtali við EUobserver.

Í nýlegri endurskoðun Nágrannastefnu ESB segir að utanríkisráðherraráð ESB „taki til greina Evrópumetnað og Evrópuval sumra þjóða" en þetta þykir Úkraínumönnum ekki mikil skuldbinding af hálfu ESB.

Jelisejev sendiherra segir að í Kænugarði verði leitað hófanna um að sterkari heit verði sett í inngangsorð að væntanlegum samstarfssamningi við ESB, en þess fyrir utan á landið í fríverslunarviðræðum við sambandið, ásamt fleiri þjóðum. Samningur sá heitir „Verulegur og víðfeðmur fríverslunarsamningur" og er sagður vera „létt-aðildarsamningur", því í honum felst ákveðin aðlögun viðskiptalöggjafar Úkraínu að regluverki ESB.

„ESB-aðild er hugsjónin sem helst sameinar Úkraínumenn og því er svo mikilvægt að hafa þetta í inngangsorðunum," segir sendiherrann. Þetta sé heimspólitískt val landsmanna um að stíga í átt til vesturs, en Rússar hafa einnig boðið þjóðinni upp á fríverslun og ódýrt gas. - kóþ

Á HRAÐFERÐ VESTUR Þessir úkraínsku reiðhjólakappar vissu vel hvert ferðinni var heitið þegar þeir kepptu í Rauðnauts-rallíinu í Kænugarði í vikunni. Sendiherra þeirra segir áfangastað þjóðarinnar vera vestrið. NORDICPHOTOS/AFP

SUMARDAGAR

20-50%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HEILSURÚMUM

Smíðum raf-magnsrúm í öllum stærðum!

ROYAL OG CLASSIC
Hágæða fjölstillanleg rafmagnsrúm á 20% afslætti.

12 mánaða vaxtalaus VISA / EURO greiðsludreifingu

SUMARDAGAR

Frí heimsending á hjónarúmum! / Tökum gamla rúmið upp í nýtt!

FAGLEG RÁÐGJÖF OG
FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

Vertu örugg/ur. Komdu í greiningu

RúmGott býður öllum viðskiptavinum upp á fría legugreiningu með hinum byltingarkennda Xsensor Medical Pro búnaði.



HVENÆR ER ÞÖRF Á LEGUGREININGU?

Finnurðu fyrir eymslum í mjóbaki?
Vaknarðu oft með verki í mjöðm?
Finnurðu fyrir eymslum eða dofa í öxlunum?
Sefurðu illa vegna annara óþæginda?

- hryggskekkju
- brjósklos
- samföllnum hryggjaliðum
- spengdum hryggjaliðum
- gigt, til dæmis:
- slitgigt, vefjagigt eða liðagigt.

FREMSTIR Í FRAMLEIÐSLU Á HEILSUDÝNUM

VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM
SÉRSMÍÐUM RÚM OG DÝNUR Í SUMARHÚS FELLIHÝSI OG TJALDVAGNA

Löggiltir dýnuframleiðendur, starfandi í 60 ár

RúmGott · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM

VEISTU SVARIÐ?



1. *Hve margar einbreiðar brýr eru á þjóðvegum landsins?*
2. *Hvar hanna íslenskir arkitektar sextíu hæða íbúðarturn?*
3. *Hver skrifar um þessar mundir íslenska hryllingsmynd?*

SVÖR
Kjartansson
1. *722* **2.** *Í Mumbai á Indlandi* **3.** *Sigurjón*

AKUREYRI Unnið er að endurbótum á vefsíðum Akureyrarbæjar og lýkur þeim í haust. FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTJÁN

Akureyri semur við Stefnu:

Vefsíður verði endurbættar

AKUREYRI Akureyrarbær vinnur nú að endurbótum á heimasíðum bæjarins, akureyri.is og visitakureyri.is. Bærinn samdi nýverið við Stefnu hugbúnaðarhús um að taka í notkun nýtt vefumsjónarkerfi, og með haustinu verður lokið vinnu við nýjar útgáfur af síðunum.

Ragnar Hólm Ragnarsson, vefstjóri Akureyrarbæjar, segir að tímabært sé að endurskipuleggja veftré stjórnsýslusíðunnar og að þeir sem unnið hafi með nýja kerfið beri því vel söguna.

Stefna mun hanna og setja upp hina nýju vefi þar sem áhersla verður lögð á einfalt aðgengi og öfluga leitarvél. - sv

Tíð slys í Selfossumdæmi:

Slys á torfæruhjóli og vélsleða

LÖGREGLUMÁL Lögregla á Selfossi hefur verið kölluð til vegna níu slysa á undanförnum dögum. Maður steyptist af torfæruhjóli við Nesjavelli á föstudagskvöld. Við skoðun kom í ljós að brotnað hafði úr hryggjarlið.

Þá varð slys á Langjökli þegar erlendur ferðamaður féll af vélsleða sem hann var farþegi á. Talið er að hann hafi handleggsbrotnað. - jss

Ráðherra segir samninganefnd við ESB ekki geta gefið eftir tollavernd:

Þarf nýtt umboð fyrir aðlögun

EVRÓPUMÁL Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, telur að samninganefnd Íslands við Evrópusambandið þurfi að leita nýs umboðs frá Alþingi, komi sú staða upp að gefa þurfi eftir tollavernd eða aðra lykilþætti í stuðningi við landbúnaðinn. Þetta kemur fram í frétt á vef Bændablaðsins.

Afstaða ráðherra kemur fram í svari, dagsettu 22. júní, við fyrirspurn Bændasamtaka Íslands. Fyrirspurnin er til komin vegna draga að rýniskýrslu ESB um landbúnað, en samtökin telja að þar komi fram að fulltrúar Íslands í samningahópnum hafi viðurkennt réttarreglur ESB í landbúnaðarmálum sem grundvöll viðræðnanna.

JÓN BJARNASON Telur samninganefnd við EDB þurfa nýtt umboð frá Alþingi verði tollavernd gefin eftir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Í svari ráðherra segir: „Ef ESB býður Íslandi að samningaborði án skilyrða um aðlögun þá hlýtur samninganefndin að leggja fram sína samningsafstöðu og þegar hún er sett fram reynir fyrst á varnarlínur Bændasamtakanna. Telji samninganefnd Íslands við ESB aftur á móti að gefa þurfi eftir tollvernd eða aðra lykilþætti í stuðningi við landbúnaðinn, að kröfum ESB, er henni væntanlega skylt að leita eftir umboði til þeirrar málafylgju hjá Alþingi.“ - kóp

Nýr yfirmaður FAO:

Matvælaverð áfram hátt

ÍTALÍA, AP Jose Graziano da Silva, nýkjörinn framkvæmdastjóri Matvælastofnunar Sameinuðu þjóðanna, FAO, segir ekki við öðru að búast en að matvælaverð í heiminum verði hátt áfram næstu árin.

Hann segist þó vona að Sameinuðu þjóðirnar geti aðstoðað ríki heims við að takast á við þennan vanda.

Ekki megi reikna með því að matvælaverð lækki fyrr en fjármálamarkaðir róist. - gb

Átta skólar þurftu að vísa nemum frá

Verzlunarskóli Íslands er áfram vinsælasti framhaldsskóli landsins. Átta skólar þurftu að vísa frá nemendum en allir sem sóttu um hafa nú fengið skólavist. Um það bil 96 prósent þeirra sem kláruðu tíunda bekk fara í framhaldsskóla.

MENNTUN 339 unglingar sem kláruðu tíunda bekk í vor fengu ekki skólavist í þeim framhaldsskóla sem þeir helst vildu. Átta skólar þurftu að vísa þessum nemendum frá og hafa þeir fengið skólavist í öðrum skólum. Þetta kemur fram í tölum sem Fréttablaðið fékk frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Innritun nýnema er lokið og hefur öllum 4.209 unglingunum sem luku tíunda bekk í vor og sóttu um framhaldsskóla verið komið fyrir í skólum. Nemendum býðst sem fyrr að sækja um aðalskóla og annan til vara.

Verzlunarskóli Íslands er áfram vinsælasti skóli landsins, en 466 nemar völdu skólann sem sitt fyrsta val í framhaldsskóla. Verzlunarskólinn hefur pláss fyrir 336 nýnema og þurftu því 130 nemendur frá að hverfa.

Menntaskólinn við Hamrahlíð er næstvinsælastur, en þangað vildu 327 nemar. Pláss er fyrir 225 nýnema og skólinn þurfti því að vísa 102 frá. Alls sóttu 247 nemar um bæði í Menntaskólanum í Reykjavík og Kvennaskólanum í Reykjavík. MR tekur inn 250 og gátu því þrír nemendur sem völdu skólann sem annað val komist inn, en Kvennaskólinn tekur 210 og þurfti að vísa 37 frá.

Fjölbrautaskóli Suðurlands, Flensborgarskólinn, Menntaskólinn við Sund, Fjölbrautaskólinn í Garðabæ og Framhaldsskólinn á Laugum þurftu einnig að vísa nemendum frá sem höfðu haft skólann sem fyrsta val. Þeir þurftu að hafna á bilinu fjórum til 22 nemendum. Aðrir skólar gátu tekið við einhverjum fjölda nemenda sem ekki komust inn í þann skóla sem þeir helst vildu.

Alls sóttu 4.209 unglingar sem útskrifuðust úr grunnskólum landsins í vor um nám í framhaldsskólum. Það eru rúmlega 96 prósent allra sem útskrifuðust. Hlutfallið er svipað og í fyrra.

Um 98 prósent komust inn í annan þeirra skóla sem sótt var um, þar af 87 prósent í þann skóla sem var fyrsta val. Skólarnir þurftu að taka frá fjörutíu prósent plássa sinna fyrir nemendur úr skólum í nágrenni þeirra og veita þeim forgang.

thorunn@frettabladid.is

SKÓLASTOFA Í VERZLÓ Flestir nemendur vildu komast í Verzlunarskóla Íslands þetta árið, en 336 munu hefja þar nám í haust. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Vinsælustu skólarnir

Skóli	Fyrsta val	Annað val	Teknir inn
Verzlunarskóli Íslands	466	280	336
Menntaskólinn við Hamrahlíð	327	316	225
Menntaskólinn í Reykjavík	247	203	250
Kvennaskólinn	247	225	210
Fjölbrautaskóli Suðurlands	214	51	240

Líkamsárás á Cafe Kósý:

Stappaði fæti á höfði manns

DÓMSMÁL Lögreglustjórinn á Eskifirði hefur ákært rúmlega fertugan karlmann fyrir líkamsárás á Reyðarfirði aðfaranótt sunnudagsins 26. september 2010. Málið er rekið fyrir Héraðsdómi Austurlands. Atvikið átti sér stað á skemmtistaðnum Cafe Kósý.

Manninum er gefið að sök að hafa tekið annan mann hálstaki og snúið hann niður og síðan stappað á höfði hans. Fórnarlambið missti meðvitund og fann fyrir ógleði, svima og sjóntruflunum er hann kom aftur til meðvitundar. - jss

Par ákært fyrir fjölda brota:

Stálu tækjum, áfengi og mat

DÓMSMÁL Maður og kona hafa verið ákærð fyrir fjölda þjófnaðarbrota, saman eða sitt í hvoru lagi. Saman brutust þau inn og stálu meðal annars tækjum að verðmæti um 440 þúsund krónur.

Maðurinn stal síðan matvælum, áfengi og tölvum úr heimahúsum og verslunum.

Konan stal einkum úr vínbúðum, en er jafnframt ákærð fyrir fjársvik. Hún tók út varning hjá verslunum N1 fyrir 87 þúsund krónur með viðskiptakorti annarrar konu. - jss

KJARAMÁL

Flugmönnum sagt upp

Icelandair hefur sent 59 flugmönnum og 37 flugstjórum uppsagnarbréf. Starfsmennirnir voru ráðnir tímabundið til fyrirtækisins en þar sem kjarasamningar flugmanna leyfa ekki tímabundnar ráðningar er þessari aðferð beitt. Sami háttur hefur verið hafður á undanfarin ár.

MORGUNVERÐARFUNDUR

FJÁRFESTUM Í SAMGÖNGUM

Samtök atvinnulífsins efna til opins fundar um samgöngumál miðvikudaginn 29. júní kl. 8.30 til 10.00 á Grand Hótel Reykjavík

Fjallað verður um mikilvægi þess að ráðast nú þegar í arðbærar samgöngufjárfestingar til að auka öryggi, fjölga störfum og efla hagvöxt. Frummælendur eru **Orri Hauksson**, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, **Kristján Möller**, alþingismaður og **Þorvarður Hjaltason**, framkvæmdastjóri Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga.

Fundarstjóri er **Margrét Kristmannsdóttir**, formaður SVÞ – Samtaka verslunar og þjónustu.

Boðið verður upp á léttan morgunverð frá kl. 8.00.

Nauðsynlegt er að skrá þátttöku á www.sa.is

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

KJARA KLÚBBUR %

30%
afsláttur
AF ÚTIVISTAR-FATNAÐI
fyrir KJARAKLÚBBSMEÐLIMI
þriðjudag og miðvikudag
gildir ekki af vörum merktum lægsta lága verð Húsasmiðjunnar.

Kælibox 24 ltr
3899342
1.990,-
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

2.990,-
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

Tjald Riga 2
Tveggja manna,
Stærð 200x140x100 cm.
170T Polyester. PA 450 mm.
Fiberstangir 6.9 mm.
Þyngd 1.7 kg.
3000410

ALLT FYRIR FERÐALAGIÐ

Tjald Athina
Fjögura manna, tvö herbergi
Ytra tjald: (140x180x140)x210x190 cm.
Innra tjald: 120x200x150 cm.
Ytra efni: 190T Polyester PU 1500 mm.
Innra efni: Polyamid öndunarefni.
Fiberstangir 9.5/8.5 mm.
Lóðrétt stöng úr 16 mm stáli.
Þyngd 8 kg
3000414
16.900,-

Tjald Athina
Sex manna, Þrjú herbergi
Ytra tjald: (120x120x120)x210x185 cm.
Innra tjald: 120x200x150 cm.
Ytra efni: 190T Polyester PU 1500 mm.
Innra efni: Polyamid öndunarefni.
Fiberstangir 9.5/8.5 mm.
Lóðrétt stöng úr 16 mm stáli.
Þyngd 9 kg.
3000415
18.900,-

Svefnpoki Moscow 10/5/-2°C
Stærð 230x80/50 cm.
Fylling 200 gr/m²
Hollow fiber
3000421
1.990,-
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

Tjald Apia 2
Tveggja manna.
Ytra tjald: (95+205)x160x110 cm.
Innra tjald: 205x160x110 cm.
Ytra efni: 190T Polyester PU 1500 mm.
Innra efni: Polyamid öndunarefni.
Fiberstangir 7.9 mm.
Þyngd 2.2 kg.
3000411
6.900,-

Tjaldstóll
3901474
1.690,-
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

Tjaldborð og bekkjasett
3899360
16.900,-
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

Vindsængur

Stærð 76x193x22 cm 3900931	1.990,-	LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR
Stærð 99x191x22 cm 3900932	2.990,-	
Stærð 137x191x22 cm 3900933	3.990,-	
Stærð 152x203x22 cm 3900934	4.990,-	

Látum verkin tala!

TAX FREE PALLAEFNI

TAX FREE AF ÖLLU FÚAVÖRÐU TIMBRI OG SKJÓLVEGGJUM FYRIR SÓLPALLINN
gildir til 4. júlí

HÚSASMIÐJAN



KONUNGUR Á HIMNI Leysigeislar voru notaðir til að bregða mynd af Abdullah, konungi Sádi-Arabíu, upp á kvöldhimininn þegar sérsveitarmenn útskrifuðust úr námi. NORDICPHOTOS/AFP

Talskona femínista segir Prinsessuskólann tengjast kynlífsvæðingu barna og ala á undirgefni ungra stúlkna:

Hörð gagnrýni á prinsessunámskeið fyrir börn

SAMFÉLAGSMÁL „Þetta tengist bersýnilega kynlífsvæðingu barna," segir Hrafnhildur Snæfríðar- og Gunnarsdóttir, talskona Femínistafélags Íslands, um nýtt námskeið á vegum Útlit.is, Prinsessuskólann. Hún segir námskeiðið ala á undirgefni ungra stúlkna.

Skólinn er með námskeið fyrir stúlkur niður í átta ára aldur þar sem meðal annars er kennd snyrtimennska, fótsnyrting, borðsiðir og hárgreiðsla. Eldri hópurinn, stúlkur á aldrinum 13 til 15 ára, læra auk þess um kvöldfördun og hvernig beri að klæðast rétt.

Á heimasíðu Útlits.is segir að námskeiðið sé ætlað þeim stúlkum „sem hafa áhuga á heilbrigðu líferni, fágaðri framkomu og snyrtimennsku."

Dr. Gyða Margrét Pétursdóttir, aðjúnkt í kynjafræði í Háskóla Íslands, segir námskeiðið vera að kenna stúlkum ákveðna tegund af undirgefni.

„Skilaboðin eru: Haltu kjafti og vertu sæt," segir Gyða Margrét. „Þarna er verið að kenna börnum að með réttu útliti sé hægt að öðlast samþykki samfélagsins."

Gyða Margrét segir að nóg sé nú þegar af slíkum skilaboðum í samfélaginu og meðvitaðir foreldrar eigi fullt í fangi með að draga úr áhrifum kynjaðra staðalímynda.

> „Skilaboðin eru: Haltu kjafti og vertu sæt."
>
> **DR. GYÐA MARGRÉT PÉTURSDÓTTIR,** AÐJÚNKT Í KYNJAFRÆÐI VIÐ HÍ

„Þetta er ekki það sem stúlkur þurfa að kunna í lífinu. Þetta dregur frekar úr þeim sjálfstraustið, þrátt fyrir skilaboðin um að þetta stuðli að heilbrigðu líferni," segir Gyða Margrét. „Einnig er áhugavert hvað þetta er skelfilega grímulaust."

Ekki náðist í skólastjóra Prinsessuskólans við vinnslu fréttarinnar. - sv

PRINSESSUSKÓLINN Kenna á stelpum niður í átta ára aldur snyrtimennsku, borðsiði og samkvæmisdansa.

Efnameiri fá betri lögfræðiaðstoð en aðrir landsmenn

Lögmannafélag Íslands kom áhyggjum sínum af stöðu réttarríkisins á framfæri við ESB. Gagnrýnir skerta möguleika á gjafsókn og stöðu fangelsismála. Skoðað er af fullri alvöru að koma á þremur dómstigum.

STJÓRNSÝSLA Ása Ólafsdóttir hæstaréttarlögmaður kom áhyggjum lögmanna af stöðu íslenska réttarríkisins á framfæri við stækkunar-skrifstofu Evrópusambandsins (ESB). Ása sat fund ytra fyrir hönd stjórnar Lögmannafélags Íslands.

Í nýjasta tölublaði Lögmannablaðsins reifar hún þær athugasemdir sem hún kom á framfæri. Breyting á lögum um meðferð einkamála hafi skert mjög möguleika einstaklinga til gjafsóknar. Þá gæti lækkun tímagjalds verjenda í sakamálum orðið til þess að efnameiri einstaklingar fengju betri lögfræðiaðstoð en þeir sem minna hafa á milli handanna. „Öll þessi atriði eru til þess fallin að grafa undan réttarríkinu og okkur þótti rétt að benda ESB á það."

Þá segir Ása að staða fangelsismála sé óviðunandi, hér séu ekki sérstök gæsluvarðhaldsfangelsi og dæmi séu um einstaklinga sem vistaðir hafi verið í venjulegum fangaklefum allt að tólf daga í gæsluvarðhaldi, þó að slíkt sé ekki heimilt að lögum. Það geti grafið undan réttarríkinu.

Að auki gagnrýndi Ása hugmyndir um hlutverk lögmanna. Færst hefði í aukana að heimiluð væri leit á skrifstofum þeirra í tengslum við rannsókn sakamála. Það gæti grafið undan trúnaði lögmanna og skjólstæðinga. Þá nefndi Ása einnig áhyggjur af álagi á dómara og dómstóla.

> Öll þessi atriði eru til þess fallin að grafa undan réttarríkinu og okkur þótti rétt að benda ESB á það.
>
> **ÁSA ÓLAFSDÓTTIR** HÆSTARÉTTARLÖGMAÐUR

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra segir gott að fá gagnrýni og það veiti tækifæri til að benda á þá vinnu sem verið sé að vinna innan ráðuneytisins.

Gjafsóknarmál séu til endurskoðunar og ekki megi skerða möguleika fólks á að leita réttar síns í dómskerfinu. „Ég vil þar horfa til tekjumarka fremur en rýmri heimilda fyrir þá sem hugsanlega hafa meira á milli handanna."

Hann segir að verið sé að grípa til ýmissa ráða til að efla réttarkerfið og réttarríkið almennt.

„Þannig er nú af meiri alvöru en nokkru sinni fyrr verið að skoða þann kost að setja hér upp þrjú dómstig," segir Ögmundur og vísar til álits nefndar um málið, sem aðgengilegt er á heimasíðu ráðuneytisins.

Ráðherra segir smíði nýs fangelsis í undirbúningi og sett hafi verið fram lagafrumvarp um breytta fullnustudóma með meiri áherslu á samfélagsþjónustu. Því miður verði að sníða sér stakk eftir vexti varðandi skert fjárráð ríkissjóðs.

kolbeinn@frettabladid.is

HÆSTIRÉTTUR Lögmannafélagið hefur meðal annars áhyggjur af því að fjölgun dómara Hæstaréttar geti valdið því að dæmt sé á mismunandi hátt um svipuð sakarefni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

MÓTMÆLI Í APENU Grikkir eru afar ósáttir við aðhaldsaðgerðir. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Allsherjarverkfall í Grikklandi:

Lögreglan býr sig undir átök

GRIKKLAND, AP Grísk stjórnvöld bjuggu sig í gær undir tveggja sólarhringa allsherjarverkfall, sem mun lama þjóðlífið í dag og á morgun.

Um fimm þúsund lögregluþjónar verða sendir út á götur miðborgar Aþenu í dag, þar sem verkalýðsfélög efna til mótmælagöngu að þinghúsinu.

Mótmælin beinast gegn aðhaldsaðgerðum, sem stjórn Giorgíos Papandreús reynir nú að fá þingið til að samþykkja svo tryggja megi að framhald verði á fjárhagslegum stuðningi Evrópusambandsins og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. - gb

TAL

ÞJÓNUSTUFULLTRÚAR ÓSKAST
TIL STARFA Í ÞJÓNUSTUVER

Tal leitar að þjónustufulltrúum sem vilja bætast í samheldinn hóp Talsmanna.

Starf þjónustufulltrúa gengur m.a. út á að þjónusta viðskiptavini í samræmi við þjónustu- og gæðastefnu Tals, símsvörun, sölu og tæknilega aðstoð.

Talsmenn ...
... eru þjónustulundaðir og jákvæðir
... hafa áhuga á tækni og nýjungum
... sýna frumkvæði, metnað og hugsa í lausnum
... eru snyrtilegir og stundvísir

Menntun og hæfniskröfur
– Hæfni í mannlegum samskiptum er nauðsynleg
– Almenn tölvufærni er æskileg
– Stúdentspróf eða sambærileg menntun er kostur
– Reynsla af störfum í fjarskiptum er kostur

Umsóknarfrestur er til og með 1. júlí 2011.

Vinsamlegast sendið umsókn um starf þjónustufulltrúa á **atvinna@tal.is**, merkt „þjónustufulltrúi".
Umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál og æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf strax.

MINNA BULL. MEIRA TAL.

NAOTO KAN Hart er sótt að forsætisráðherra Japan þessa dagana. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ríkisstjórn Japan gagnrýnd:

Skipa ráðherra uppbyggingar

TÓKÝÓ, AP Naoto Kan, forsætisráðherra Japan, tilkynnti í gær að fjölga ætti ráðherraembættum í ríkisstjórn landsins um tvö. Nýju ráðherrarnir eiga að hafa yfirumsjón með uppbyggingunni í landinu eftir jarðskjálftann sem dundi yfir í mars.

Ríkisstjórn Kans hefur sætt gagnrýni fyrir viðbrögð sín við jarðskjálftanum en fyrir utan skjálftann sjálfan skall risaflóðbylgja á austurhluta landsins, auk þess sem lítið kjarnorkuslys varð í kjarnorkuveri í landinu.

Vinsældir Kans eru litlar um þessar mundir en honum þykir hafa mistekist að leiða þjóð sína í gegnum erfiðleikana. Kan sagðist í gær vera tilbúinn að stíga til hliðar, en þó aðeins þegar uppbyggingin væri komin almennilega af stað.

Alls létust 23 þúsund manns í hörmungunum. - mþl

Var með plöntur og lauf:

Kannabisræktandi dæmdur

DÓMSMÁL Karlmaður á fimmtugsaldri hefur verið dæmdur í þrjátíu daga skilorðsbundið fangelsi fyrir kannabisræktun og vörslu kannabislaufa. Efnin fundust við húsleit lögreglu hjá honum.

Um var að ræða 87,75 grömm af kannabislaufum og 17 kannabisplöntur, sem hann geymdi á heimili sínu í Reykjavík. Maðurinn játaði brot sitt.

Honum hefur nokkrum sinnum verið gerð refsing fyrir umferðarlagabrot og brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni. - jss

Samningur Samskipa um margvíslegan fjárhagslegan stuðning við hestamannafélög til loka ársins 2013:

Stuðningur heldur niðri kostnaði við landslið

HESTAMENNSKA „Stuðningur Samskipa er afar mikilvægur og hefur þau áhrif að auðveldara er að halda niðri kostnaði við mótshald og útgerð landsliða, sem ella myndi lenda á hestamönnum og mótsgestum að greiða í formi hærri aðgangseyris og þátttökugjalda.“

Þetta segir Haraldur Þórarinsson, stjórnarformaður Landssambands hestamannafélaga og Landsmóts hestamanna ehf. um nýjan samning við Samskip hf. Haraldur og Ásbjörn Gíslason, forstjóri Samskipa, hafa undirritað viðtækan samstarfs- og styrktarsamning sem tekur til nokkurra af helstu viðburðum hestamennsku og hestaíþrótta til loka árs 2013. Þar má nefna landsmót, Íslandsmót og bæði heimsmeistaramót og Norðurlandamót íslenskra hesta.

Stuðningur Samskipa verður með margvíslegum hætti, svo sem flutningar og flutningatengd þjónusta, verðlaunagripir, tæki og búnaður.

Ásbjörn segir að Samskip horfi meðal annars til þess að íslenski hesturinn beri hróður lands og þjóðar víða um veröld og höfði til fjölda fólks á öllum aldri, bæði hér heima og í nítján þjóðlöndum. - jss

GADDSTAÐAFLATIR 2008 Samningurinn tekur til nokkurra af helstu viðburðum hestamennsku og hestaíþrótta til loka árs 2013.

JÖKULLINN Þjóðgarður hefur verið til um Snæfellsjökul í tíu ár í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Tíu ár frá stofnun þjóðgarðs:

Snæfellsjökull heldur afmæli

UMHVERFISMÁL Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull á tíu ára afmæli í dag. Haldið verður upp á afmælið í gestastofu þjóðgarðsins á Hellnum milli tvö og sex.

Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra mun meðal annars ávarpa gesti á afmælishátíðinni. Þá verða hollvinasamtök þjóðgarðsins kynnt.

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull var stofnaður árið 2001 til að standa vörð um náttúru svæðisins og sögulegar minjar. Hann er opinn árið um kring. - þeb

Illur grunur í Grindavík:

Draga heilindi húsamálara í efa

ÖRYGGISMÁL Grindvíkingar eru varaðir við grunsamlegum mannaferðum í bænum af bæjaryfirvöldum á staðnum. Á heimasíðu sveitarfélagsins kemur fram að maður af erlendum uppruna banki upp á og bjóðist til að mála þakið fyrir húseigendur.

Grindvíkinga grunar hins vegar að maðurinn hafi fyrst og fremst verið að kanna hvort viðkomandi hús hafi verið mannlaus. Menn eru hvattir til þess að láta lögreglu vita um grunsamlegar mannaferðir og læsa húsum sínum, hvort sem fólk er heima eða að heiman. - shá

Selfosslögregla í önnum:

Tveir ógnandi menn og árás

LÖGREGLUMÁL Maður sló annan nokkur hnefahögg við Rauða húsið á Eyrarbakka aðfaranótt sunnudags. Fórnarlambið hlaut minni háttar áverka á andliti. Árásarmaðurinn var horfinn af vettvangi þegar lögregla kom á staðinn.

Þá hafði lögregla afskipti af tveimur ölvuðum mönnum sem voru fyrirferðarmiklir og ógnandi á Eyrarbakka aðfaranótt sunnudags. Annar þeirra var handtekinn og vistaður í fangaklefa. Báðir mennirnir verða kærðir fyrir brot á lögreglusamþykkt, áfengislögum og lögreglulögum. - jss

LANDHELGISGÆSLAN

Sóttu veikan mann í bát

Þyrla Landhelgisgæslunnar sótti alvarlega veikan mann í línubátinn Rifsnes SH-44 aðfaranótt mánudags. Báturinn var að veiðum um hundrað sjómílur vestur af Reykjanesi. Þyrlan flutti manninn á Landspítalann í Fossvogi í gærmorgun.

Sæktu um skuldalækkun strax í dag

Skuldalækkun Landsbankans verður aðeins í boði í fáeinar vikur. Sæktu strax um að lækka skuldir þínar áður en frestur rennur út.

1. júlí — Lækkun fasteignaskulda - Þú sækir um í næsta útibúi

15. júlí — Lækkun annarra skulda - Þú sækir um í netbankanum

Ekki þarf að sækja um lækkun fasteignaskulda ef öll áhvílandi lán eru í Landsbankanum. Sækja þarf um ef önnur lánafyrirtæki þurfa að færa niður skuldir. **Ekki þarf að sækja um endurgreiðslu vaxta**. Skilmála og nánari upplýsingar um skuldalækkun Landsbankans má finna á heimasíðu okkar, landsbankinn.is, eða í næsta útibúi.

JÓNSSON & LE'MACKS • JL.IS • SÍA

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

STOKKIÐ YFIR BÖRN Í bænum Castrillo de Murcia á Spáni er árlega haldin svonefnd „barnastökkshátíð" þar sem maður, klæddur eins og kölski, stekkur yfir nokkur ungbörn sem lögð hafa verið á dýnu. NORDICPHOTOS/AFP

Fjöldi kvartana til Neytendastofu undanfarna daga vegna merkinga á kjöti:

Óánægja með verðmerkingar

NEYTENDUR Neytendasamtökunum hefur borist fjöldi kvartana undanfarna daga vegna ófullnægjandi verðmerkinga á kjöti í matvöruverslunum.

Samkeppniseftirlitið bannaði forverðmerkingar á kjöti fyrr á þessu ári og hafa kvartanirnar borist í kjölfarið á því. Verðskannar hafa verið settir upp í verslununum, sem sýna einingaverð hverrar vöru fyrir sig, en neytendur hafa einnig kvartað yfir þeim og þykja þeir óþægilegir.

Neytendur eiga rétt á að sjá bæði kílóverð og einingaverð á öllum vörum, þar á meðal kjötvörum. Neytendasamtökin benda á að ekkert stoppi verslanir í að verðmerkja vörurnar með verðmiðum. Ef viðskiptavinir séu ósáttir ættu verslanir að bæta úr þessu sem fyrst.

Samtökin telja mjög alvarlegt hversu illa gangi að koma verðmerkingum í gott horf. Þess er krafist að verslanir fari að settum reglum varðandi verðupplýsingar til neytenda og hvetja samtökin Neytendastofu og Samkeppniseftirlitið til að fylgjast vel með því hvernig nýjar reglur reynist og grípa til aðgerða ef þörf krefji. - sv

VERÐSKANNI Verið er að koma upp í matvörubúðum verðskönnum sem sýna einingaverð á vörum sem ekki eru forverðmerktar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Innbrot og þjófnaðir:

Um 200 lítrum af olíu stolið

LÖGREGLUMÁL Um 200 lítrum af dísilolíu var stolið af kranabifreið og skotbómulyftara við Kuldabola í Þorlákshöfn í síðustu viku.

Sömu nótt var brotist inn í kaffiskúr á gámasvæðinu við höfnina. Þar var mikið rótað til, kaffi og pappír dreift um skúrinn og fartölvu stolið. Jafnframt var gerð tilraun til að fara inn í gáma á svæðinu. Þeir sem þarna voru að verki ollu miklum skemmdum. Lögregla biður þá sem hugsanlega búa yfir vitneskju um þessi mál að hafa samband í síma 480 1010.

Bífrænir þjófar í Stokkhólmi:

Stela húslyklum og ræna heimili

SVÍÞJÓÐ Ríflega tuttugu innbrot voru framin með sérstökum hætti í Stokkhólmi síðustu mánuði. Innbrotsþjófarnir höfðu stolið húslyklum og komist þannig inn í íbúðir fólks.

Lögreglan í Stokkhólmi rannsakar nú þjófagengi sem fara í auknum mæli í barnaskóla og stela þar húslyklum og farsímum. Með símunum komast þeir að heimilisföngum og fara síðan ránshendi um heimilin. Tilkynnt hefur verið um fjörutíu tilvik þar sem lyklum hefur verið rænt, og hafa 22 þeirra heimila verið rænd.

Lögreglan hvetur fólk því til að skipta um lása um leið og húslyklar týnast. Hægt sé að nálgast lykla og persónuupplýsingar með þessum hætti í öllum almenningsrýmum. - þeb

Alþjóðadómstólinn í Haag telur leiðtoga Líbíu hafa fyrirskipað morð á óbreyttum borgurum í borgarastyrjöld:

Handtökuskipun gefin út á Gaddafí

HAAG, AP Dómarar við Alþjóðadómstólinn í Haag gáfu í gær út handtökuskipun á hendur Múammar Gaddafí, leiðtoga Líbíu. Honum er gefið að sök að hafa fyrirskipað morð á almennum borgurum.

Alþjóðadómstóllinn segir Gaddafí, son hans Seif al-Islam og yfirmann líbísku leyniþjónustunnar, Abdullah al-Sanoussi, hafa staðið fyrir morðum, árásum og ólögmætum handtökum á hundruðum almennra borgara á fyrstu dögum uppreisnarinnar gegn stjórn Gaddafís. Þá eru þeir einnig sagðir hafa gert tilraunir til að dylja meinta glæpi sína.

Ráðamenn í Líbíu voru ekki lengi að hafna lögsögu Alþjóðadómstólsins. Þeir ásökuðu hann um að ráðast með ósanngjörnum hætti að Afríkubúum en skeyta engu um þá glæpi sem NATO fremji daglega í Afganistan, Írak og nú Líbíu.

Anders Fogh Rasmussen, aðalritari NATO, sagði ákvörðun dómstólsins endurspegla einangrun líbískra stjórnvalda. „Verkefni NATO í Líbíu er að vernda almenning í landinu fyrir hersveitum Gaddafís," sagði Rasmussen og bætti við að Gaddafí og hersveitir hans yrðu að átta sig á því að tími þeirra væri óðfluga að renna út.

Orrustuþotur á vegum NATO hafa síðustu 100 daga gert loftárásir á hernaðarskotmörk í Líbíu. Aðgerðunum hefur hins vegar ekki tekist að veikja stöðu Gaddafís sem leiðtoga landsins að ráði og hafa þær sætt sívaxandi gagnrýni á alþjóðlegum vettvangi á síðustu vikum. - mþl

DÓMARAR Í HAAG Gaddafí er gefið að sök að hafa fyrirskipað morð, árásir og ólögmætar handtökur á almennum borgurum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

ÓDÝRT!
NICOTINELL FRUIT

Verðsamanburður á Nicotinell Fruit og þremur vinsælustu tegundum sígaretta

Það er ódýrara að nota Nicotinell Fruit heldur en að reykja!

Í þessum samanburði er gert ráð fyrir því að einstaklingurinn tyggi eitt tyggjó fyrir hverja sígarettu sem hann reykti***

Tegund	Fjöldi í kartoni	Meðalverð pr. karton*	Meðalverð pr. sígarettu	Meðalverð pr. pakka
3 vinsælar tegundir	200	9.464	44.32	946

Tegund	Bragð	Styrkleiki	Pakkning	Meðal verð pr. pakka**	Meðal verð pr. tyggjó	Meðalverð x20	Sparnaður
Nicotinell	Fruit	2 mg	24	584	24.31	486	-49%
Nicotinell	Fruit	2 mg	96	2.484	25.88	518	-45%
Nicotinell	Fruit	2 mg	204	4.611	22.60	452	-52%
Nicotinell	Fruit	4 mg	24	902	37.60	752	-21%
Nicotinell	Fruit	4 mg	96	3.483	36.28	726	-23%
Nicotinell	Fruit	4 mg	204	6.380	31.28	626	-34%

* Meðalverð á kartoni í verslunum 10-11, Shell, N1, Olís, Hagkaup, Krónan, Samkaup og Nóatún. Könnun gerð 26. maí 2011
**Verðkönnun gerð í 14 apótekum og apótekskeðjum 5., 16.-19. og 26. maí 2011
***Í flestum tilfellum nægir að nota á bilinu 8-12 tyggjó á dag. Mest skal nota 25 stk. af 2 mg og 15 stk. af 4 mg

Nicotinell er samstarfsaðili Krabbameinsfélagsins

Nicotinell nikótínlyf fást án lyfseðils og eru notuð sem hjálparefni til þess að hætta eða draga úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávalt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðlinum með lyfinu. Skammtar af Nicotinell lyfjatyggigúmmíi mega aldrei vera stærri en 25 stykki á dag. Þeir sem hafa fengið ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, fengið hjartaáfall nýlega, óstöðuga eða versnandi hjartaöng, að meðtöldu Prinzmetal afbrigði hjartaangar, alvarlega hjartsláttaróreglu eða heilablóðfall nýlega, eiga ekki að nota Nicotinell nikótínlyf. Sjúklingar með háþrýsting sem ekki hefur náðst stjórn á, stöðuga hjartaöng, sjúkdóm í heilaæðum, teppusjúkdóm í útlægum slagæðum, hjartabilun, sykursýki, ofstarfsemi skjaldkirtils eða krómfíklaæxli, auk alvarlega skertrar nýrna- og/eða lifrarstarfsem skulu gæta varúðar við notkun á Nicotinell. Börn undir 15 ára aldri, þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu ekki nota lyfið nema að læknisráði.
Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhraun 12a, 210 Garðabæ.

Tillögur liggja fyrir borgarráði

Umsagnarferli um tillögur mannréttindaráðs Reykjavíkur um samskipti trúfélaga og skóla er lokið. Endanlegar tillögur bíða nú afgreiðslu borgarráðs. Ólíklegt er talið að borgarráð geri frekari breytingar. Mannréttindaskrifstofa mun framfylgja nýjum reglum.

FRÉTTASKÝRING

Hvernig standa tillögur mannréttindaráðs um samskipti kirkju og skóla eftir umsagnaferli?

LEIKSKÓLI Í tillögum mannréttindaráðs segir að fulltrúar trúarhópa megi ekki heimsækja skóla á skólatíma komi þeir í trúarlegum tilgangi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Breytingartillögur mannréttindaráðs Reykjavíkurborgar varðandi samskipti leik- og grunnskóla við trúfélög hafa nú fengið umfjöllun hjá velferðarráði, menntaráði og íþrótta- og tómstundaráði borgarinnar. Ráðin fengu tillögurnar á sín borð í lok síðasta árs en Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkur hefur umsjón með endanlegum tillögum, sem bíða afgreiðslu borgarráðs.

Töluverðar breytingar hafa verið gerðar á tillögum mannréttindaráðs frá því að þær voru fyrst lagðar fram. Eftir umsagnarferli ráðanna þriggja hafa enn fleiri aðlaganir verið gerðar.

Anna Kristinsdóttir, mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar, telur ólíklegt að borgarráð muni gera enn frekari breytingar á tillögunum.

„Mér finnst það nokkuð langsótt, þar sem málið hefur nú lokið öllu sínu umsagnarferli," segir Anna. „Svo verður það okkar hlutverk hjá Mannréttindaskrifstofu að sjá til þess að reglunum verði fylgt eftir, verði þær samþykktar."

Anna segir það afar mikilvægt fyrir stjórnendur leik- og grunnskóla að setja reglur sem þessar. Mannréttindaskrifstofa fái mikið af fyrirspurnum og athugasemdum um þessi mál, bæði frá starfsfólki skólanna og foreldrum.

„Þetta er á báða bóga. Það er ekki eintóm sæla og ánægja með það að verið sé að koma með trúmál inn í skólana. Það er líka erfitt fyrir þá stjórnendur sem hafa ákveðið að hleypa prestum ekki inn í starfið og það er meðal annars vegna þess sem það er mikilvægt að setja skýrar reglur."

FRÉTTABLAÐIÐ

Meirihlutinn mildar tillögur

Mannréttindaráð hefur mildað tillögur sínar um samskipti kirkju og skóla og hörfað frá algeru banni við kirkjuferðum og heimsóknum presta í skóla í þágu áfallahjálpar. Kirkjan vill efla samstarfið enn frekar.

FRÉTTASKÝRING

Tillögur mannréttindaráðs – hvað er breytt?

Í mannréttindastefnu Reykjavíkur, sem samþykkt var árið 2006, er meðal annars kveðið á um að íbúum verði ekki mismunað eftir lífs- og trúarskoðunum.

Mannréttindaráð segir í tillögu sinni að lagt sé til að reglurnar verði samþykktar í ljósi niðurstöðu skýrslu frá árinu 2007 þar sem fram kom að móta þyrfti skýrar starfsreglur um samskipti trúar- og lífsskoðunarhópa og skóla Reykjavíkurborgar.

sunna@frettabladid.is

Tillögur tekið talsverðum breytingum

Fyrstu tillögur

1. Heimsóknir presta og annarra fulltrúa trúarhópa í leik- og grunnskóla eru óheimilar.
2. Heimsóknir nemenda í kirkjur og aðrar trúarstofnanir á skólatíma eru óheimilar.
3. Áfallahjálp frá prestum eða öðrum fulltrúum kirkjunnar er óheimil.
4. Sálmasöngur og listsköpun í trúarlegum tilgangi er óheimil.

Aðrar tillögur

1. Heimsóknir presta og annarra fulltrúa trúarsamtaka heimilar í fræðandi tilgangi og að frumkvæði skólans.
2. Heimsóknir í kirkju óheimilar í leikskólum. Á grunnskólastigi skulu heimsóknir eiga sér stað undir handleiðslu kennara og sem liður í fræðslu.
3. Áfallahjálp presta verður heimil við sérstakar kringumstæður, að frumkvæði skólans og samráð skal haft við foreldra. Helgistundir vegna áfalla skulu fara fram utan skólatíma.
4. Sígildir söngvar, dansar, leikir og handíðir sem teljast hluti af gamalgrónum hátíðum og frídögum þjóðarinnar halda sínum sessi í árstíðarbundnu starfi.

Síðustu tillögur eftir umsagnir ráða

1. Heimsóknir fulltrúa trúarhópa í trúarlegum tilgangi á skólatíma eru óheimilar. Þá er dreifing boðandi efnis innan skóla einnig óheimil. Skólastjórnendur grunnskóla geta boðið fulltrúum að heimsækja kennslustundir í trúarbragðafræði eða lífsleikni sem lið í fræðslu samkvæmt námsefni, og skal heimsóknin fara fram undir handleiðslu kennara og vera innan ramma námsefnisins.
2. Heimsóknir í kirkjur og aðrar trúarstofnanir á skólatíma grunnskóla skulu eiga sér stað undir handleiðslu kennara sem liður í fræðslu. Þar sem ekki er sérstaklega getið um heimsóknir leikskólabarna í tillögunum sem lið í fræðslu í námskrá leikskóla er talið eðlilegt að miða fjölda heimsókna við námskrá grunnskóla. Þá verði þess gætt að nemendur fylgist einungis með en séu ekki þátttakendur í helgisiðum og athöfnum.
3. Óbreytt frá síðustu breytingum.
4. Óbreytt frá síðustu breytingum.

ÓDÝRT! NICOTINELL FRUIT

Verðkönnun á Nicotinell Fruit og Nicorette Fruitmint í maí 2011

Nicotinell Fruit - ódýrara!

Í þessari könnun voru verð pr. pakka og tyggjó borin saman og mismunurinn er sýndur sem prósentutala. Nicotinell Fruit var **ódýrara í öllum 14 apótekunum** þar sem verðkönnunin var gerð. Það er alveg sama hvernig verðin voru borin saman, pr. pakka eða pr. tyggjó, Nicotinell Fruit var alltaf ódýrara.

Nicotinell		
Tegund	mg	Magn
Fruit	2 mg	24
Fruit	2 mg	96
Fruit	2 mg	204
Fruit	4 mg	24
Fruit	4 mg	96
Fruit	4 mg	204

Nicorette		
Tegund	mg	Magn
Fruitmint	2 mg	30
Fruitmint	2 mg	105
Fruitmint	2 mg	210
Fruitmint	4 mg	30
Fruitmint	4 mg	105
Fruitmint	4 mg	210

Verðmunur pr. pakka

Apótek 1	Apótek 2	Apótek 3	Apótek 4	Apótek 5	Apótek 6	Apótek 7	Apótek 8	Apótek 9	Apótek 10	Apótek 11	Apótek 12	Apótek 13	Apótek 14
-21%	-30%	-21%	-21%	-23%	-21%	-28%	-23%	-21%	-22%	-22%	-21%	-21%	-22%
-10%	-18%	-11%	-11%	-13%	-11%	-19%	-12%	-11%	-11%	-12%	-11%	-11%	-14%
-7%	-10%	-4%	-4%	-5%	-4%	-9%	-4%	-4%	-4%	-3%	-4%	-4%	-6%
-26%	-27%	-22%	-22%	-23%	-22%	-23%	-24%	-22%	-22%	-20%	-22%	-22%	-22%
-14%	-17%	-15%	-15%	-16%	-15%	-16%	-15%	-17%	-16%	-11%	-15%	-14%	-12%
-5%	-10%	-6%	-6%	-8%	-6%	-9%	-9%	-8%	-7%	-8%	-6%	-7%	-7%

Nicotinell		
Tegund	mg	Magn
Fruit	2 mg	24
Fruit	2 mg	96
Fruit	2 mg	204
Fruit	4 mg	24
Fruit	4 mg	96
Fruit	4 mg	204

Nicorette		
Tegund	mg	Magn
Fruitmint	2 mg	30
Fruitmint	2 mg	105
Fruitmint	2 mg	210
Fruitmint	4 mg	30
Fruitmint	4 mg	105
Fruitmint	4 mg	210

Verðmunur pr. tyggjó

Apótek 1	Apótek 2	Apótek 3	Apótek 4	Apótek 5	Apótek 6	Apótek 7	Apótek 8	Apótek 9	Apótek 10	Apótek 11	Apótek 12	Apótek 13	Apótek 14
-1%	-12%	-2%	-2%	-3%	-1%	-10%	-4%	-1%	-2%	-2%	-2%	-1%	-2%
-2%	-10%	-3%	-3%	-5%	-3%	-11%	-4%	-3%	-3%	-4%	-3%	-3%	-6%
-4%	-8%	-1%	-1%	-3%	-1%	-6%	-1%	-1%	-1%	-0.4%	-1%	-1%	-3%
-7%	-9%	-3%	-2%	-4%	-3%	-4%	-5%	-2%	-2%	-0.5%	-3%	-2%	-3%
-6%	-9%	-7%	-7%	-8%	-7%	-8%	-7%	-9%	-8%	-3%	-7%	-6%	-4%
-2%	-8%	-4%	-4%	-5%	-4%	-6%	-7%	-5%	-4%	-5%	-4%	-4%	-4%

Nicotinell er samstarfsaðili Krabbameinsfélagsins

Verðkönnunin var gerð í eftirtöldum apótekum daganna 5., 16.-19. og 26. maí:
Lyfja, Apótekið, Lyf og heilsa, Apótekarinn, Skipholtsapótek, Lyfjaval, Lyfjaver, Garðs Apótek, Rima Apótek, Urðarapótek, Apótek Hafnarfjarðar, Reykjavíkur Apótek, Apótek Vesturlands og Akureyrar Apótek. Ath. að röðin á apótekunum er ekki sú sama og kemur fyrir í töflunum fyrir ofan.
Samanlagt ná þessi apótek yfir 90% af markaðnum.

skoðun

greinar@frettabladid.is

Eiginlegar aðildarviðræður við ESB hafnar:

Skylda að ná góðum samningi

Nýtt skeið í aðildarviðræðum Íslands og Evrópusambandsins hófst í gær. Þá lauk formlega rýnivinnunni þar sem löggjöf Íslands og ESB var borin saman og hinar eiginlegu samningaviðræður hófust.

Rýnivinnan tók óvenjulega stuttan tíma, um átta mánuði. Það sýnir annars vegar að viðræðuferlið er skilvirkt og hins vegar að Ísland er vel undir aðild að Evrópusambandinu búið. Fram hefur komið að 21 kafla af 33 í regluverki Evrópusambandsins hafi Ísland þegar leitt að mestu eða öllu leyti í íslenzk lög. Það er til vitnis um þá aðlögun Íslands að regluverki Evrópusambandsins sem átt hefur sér stað á þeim sautján árum sem samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið hefur verið í gildi.

SKOÐUN

Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Ísland er einfaldlega miklu lengra komið í aðlögun sinni að sambandinu en önnur ríki sem sótt hafa um aðild. Hægt var að ljúka samdægurs viðræðum um tvo kafla af fjórum, sem byrjað var að ræða í gær.

Íslenzk stjórnvöld stefna að því að áfram verði hraður gangur í viðræðunum. Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra lýsti því yfir í gær að reynt yrði að hefja viðræður um helming kaflanna á þessu ári og afganginn á fyrri hluta næsta árs.

Það er bjartsýn áætlun. Viðræður ríkja sem sækja um aðild að Evrópusambandinu hafa yfirleitt gengið hægar en stefnt var að. Langan tíma getur tekið að leysa einstök erfið mál, þótt viðræður um allt annað gangi vel.

Búast má við að kaflarnir um landbúnað og sjávarútveg verði erfiðastir viðfangs í viðræðum Íslands og Evrópusambandsins. Til að ná samkomulagi í þeim málum mun þurfa að gera málamiðlanir. Þær þurfa meðal annars að byggjast á fordæmum í samningum ESB við önnur ríki, til dæmis ákvæðum um heimskautalandbúnað sem urðu til þegar Svíþjóð og Finnland gengu í ESB. Þær geta líka orðið til með því að Ísland leitist við að fá fram breytingar á stefnu ESB, eins og líklegt er að geti gerzt í sjávarútvegsmálum, enda tala æ fleiri fyrir því innan sambandsins að sjávarútvegsstefnu þess verði breytt í átt til þess sem tíðkast á Íslandi.

Algengt viðkvæði hjá hagsmunaaðilum bæði í landbúnaði og sjávarútvegi er hins vegar að ómögulegt sé að byggja á fordæmum innan ESB og til lítils að reyna að hagnýta breytt viðhorf til stjórnunar fiskveiða. Þessi öfl tala fyrir ýtrustu kröfum; í raun óbreyttu ástandi. Það eru auðvitað óraunhæfar kröfur og eingöngu til þess fallnar að veikja samningsstöðu Íslands, enda eiga þeir sem setja þær fram það sameiginlegt að vilja alls engan samning.

Kannanir hafa ítrekað sýnt að mikill meirihluti Íslendinga vill ljúka aðildarviðræðunum við ESB og fá að greiða atkvæði um niðurstöðuna. Skylda samningamannanna er að leitast við að ná sem beztum samningi. Viðræðurnar geta siglt í strand en sagan sýnir að þær klárast alltaf á endanum. Í fyrri viðræðum ESB við umsóknarríki hefur oft ekki verið höggvið á hnútinn í erfiðustu málunum fyrr en á lokametrum viðræðnanna, þegar lýðræðislega kjörnir ráðamenn aðildarríkjanna taka við verkefninu af embættismönnum.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing

FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA

Allt sem þú þarft

FRÁ DEGI TIL DAGS

Las hún stefnuna?

Lilja Mósesdóttir sagði nýverið skilið við Vinstri græn, ekki vegna stefnunnar heldur þess foringjaræðis sem þar var að finna. Ekki er langt síðan Lilja bauð sig fram undir stefnu flokksins og talaði fyrir henni. Nú skrifar Lilja um að fyrning skuldsetts kvóta muni leiða til málaferla og aldrei geta orðið. Í því ljósi er athyglisvert að kíkja á stefnuna sem Lilja bauð sig fram undir í síðustu kosningum. Þar er megintillagan innköllun og endurráðstöfun aflaheimilda; fyrning kvóta. Las hún stefnuna sem hún barðist fyrir?

Einkamálaauglýsing?

Nú berast fregnir af því að einn stjórnlagaráðsmanna vilji að tekið sé fram í nýrri stjórnarskrá að þjóðin sé kristin. En hví að hætta þar? Af hverju ekki að koma með tæmandi lýsingu á þjóðinni, hvernig hún er og um hvað hún hugsar? Gera stjórnarskrána að fallegri einkamálaauglýsingu?

Grikklandsfárið

Áhugamenn um innihaldslausar deilur ættu að kætast þessa dagana þegar umræðan um ESB eða ekki er að komast á flug.

Í gær mátti sjá fjölda greina þar sem ólík sjónarmið komu fram; ýmist er slæmt efnahagsástand í Grikklandi evru og ESB að kenna, eða evran og ESB munu bjarga því sem bjargað verður eftir óstjórn heimamanna. Hvernig þetta nýtist Íslendingum til upplýstrar ákvörðunar er svo aftur annað mál.

kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR

Hver er í raun vandi Grikkja?

Efnahagsmál

Ásmundur Einar Daðason
þingmaður Framsóknarflokksins

Vandi ESB og evrunnar er meiri nú en nokkru sinni og daglega berast okkur fréttir af fjöldamótmælum almennings innan ESB, neyðarfundum ráðamanna í Brussel, vanda evrunnar, auknu atvinnuleysi innan ESB o.fl. Því hefur jafnan verið haldið fram að efnahagshrunið á Íslandi hefði ekki orðið ef við hefðum verið innan ESB en staða margra ríkja innan sambandsins sýnir að slíkar fullyrðingar eru ekki á rökum reistar. Grikkir höfðu nær ótakmarkaðan aðgang að ódýru lánsfé og skuldir landsins eru í dag 340 milljarðar evra, þar af er rúmlega þriðjungur við einkabanka í Frakklandi, Þýskalandi og Bretlandi. Þjóðir í vestan- og norðanverðri Evrópu vilja ekki leggja meira á almenning til að bjarga Grikkjum, Spánverjum, Portúgölum o.fl.

ESB fyrirskipar einkavæðingu opinberra fyrirtækja!

ESB fyrirskipar Grikkjum að skera niður almannaþjónustu og einkavæða opinber fyrirtæki. Dæmi um fyrirtæki sem ESB hefur gert kröfu um að verði einkavædd eru alþjóðaflugvöllurinn í Aþenu, opinber fjarskiptafyrirtæki, orku- og gasfyrirtæki, hafnarmannvirki, járnbrautarfyrirtæki o.fl. Pólitísk spenna hefur sjaldan verið meiri innan ESB og ráðamenn í Brussel eru að vonum áhyggjufullir, enda hefur evran aldrei staðið veikar. Mótmæli brjótast út og fólkið gerir þær kröfur að almenningur greiði ekki skuldir einkabanka í fjarlægum löndum. Kröfurnar frá Brussel eru hins vegar skýrar, þið verðið að borga!

Hvað segja jafnaðarmenn?

Það er æpandi tómarúm í málflutningi þeirra sem reyna að fegra þá staðreynd að ESB á í gríðarlegum vanda og Grikkland er ekki eina vandamálið. Ef vandi Grikkja, Spánverja o.fl. er fyrst og fremst spilling. Hver er þá lausnin? Er það að einkavæða opinber fyrirtæki í þeim tilgangi að greiða inn í erlenda einkabanka? Er nema von að almenningur mótmæli? Þrátt fyrir að einn æðsti maður efnahagsmála á Íslandi vilji sjá annað þá tala staðreyndirnar sínu máli og fréttaflutningur í erlendum fjölmiðlum segir allt sem segja þarf.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

Íslenskir hagsmunir og ESB

ESB-aðild

Jón Steindór Valdimarsson

lögfræðingur og virkur í starfi Já Ísland

Ísland ákvað að sækja um aðild að Evrópusambandinu með ákvörðun Alþingis 16. júlí 2009. Skýr meirihluti þjóðarinnar hefur verið að baki umsókninni og að leiða aðildarsamninga til lykta svo leggja megi hann í dóm þjóðarinnar.

Vatnaskil

Í dag eru tímamót í aðildarferlinu og eiginlegar samningaviðræður að hefjast að lokinni vel heppnaðri rýnivinnu þar sem lög og reglur Íslands og ESB hafa verið borin saman.

Að mínu mati leikur enginn vafi á því að aðild Íslands getur orðið til góðs. Þess þarf að gæta að aðildin tryggi framtíðarhagsmuni okkar sem fullvalda og sjálfstæðrar þjóðar. Lífskjör og starfsskilyrði atvinnuveganna í víðu samhengi vega þar þyngst. Nefna má þætti á borð við efnahagslegan stöðugleika sem skapar festu í rekstri ríkis, sveitarfélaga, fyrirtækja og heimila, samkeppnishæfa vexti, afnám verðtryggingar, lægra verð landbúnaðarafurða og aðgang að mörkuðum en ekki síst það að geta tekið þátt í mótun og setningu þeirra reglna er varða eigin örlög.

Stöndum saman

Til þess að ná þessum markmiðum þarf að halda á íslenskum hagsmunum af festu og samheldni. Veita þarf ríkisstjórn og samninganefndinni í senn virkan stuðning og aðhald í þessu mikilvæga verkefni. Samninganefndin er vel skipuð þrautreyndum samningamönnum. Engin ástæða er til að ætla annað en að hún nái góðum árangri.

Samningsmarkmið

Já Ísland er samnefnari og félagsskapur þess fólks sem telur hag Íslands best borgið með þátttöku í ESB. Þá skoðun reisir hver um sig á eigin forsendum og setur um leið eigin kröfur til komandi aðildarsamnings. Já Ísland setur engu að síður fram nokkur atriði í fjölmiðlum í dag sem eru sem rauður þráður í stuðningi aðildarsinna.

> Fiskimiðin við Ísland eru ein mikilvægasta auðlind okkar og undirstaða mikilvægrar atvinnugreinar. Hér verður að búa svo um hnúta að efnahagslegur afrakstur auðlindarinnar verði tengdur órjúfanlegum böndum við Ísland.

Þau er brýnt að tryggja enda varða þau grundvallarhagsmuni og snerta mjög fullveldi, sjálfstæði og sjálfræði okkar.

Fullgildir þátttakendur

Ísland verður að vera fullgildur þátttakandi í öllum stofnunum ESB og eiga aðild að öllum ákvörðunum og undirbúningi þeirra. Þessi réttur þarf að vera tryggður en síðan er það í valdi Íslands að vega og meta hvar það kýs að beita sér og hagsmunir þess eru mestir.

Myntbandalag og evra

Búa þarf þannig um hnúta að Íslandi verði gert mögulegt að taka upp evru svo fljótt sem verða má. Það er grundvöllur stöðugleika, lægri vaxta og afnáms verðtryggingar. Reyna þarf til þrautar að ná stuðningi ESB og Evrópska seðlabankans við að flýta því að uppfylla svokölluð Maastrichtskilyrði, ekki síst með því að styðja gengi krónunnar og losa um gjaldeyrishöft.

Lægra verð landbúnaðarafurða

Matvælaverð er hátt á Íslandi, ekki síst þeirra landbúnaðarafurða sem framleiddar eru hér á landi og njóta verndar. Vöruúrval gæti verið meira og betra ef vernd og tollar hyrfu. Aðildarsamningur verður að tryggja opnun markaða og skapa þannig grundvöll fyrir lægra verði til neytenda.

Neytendur njóti tollabandalags

Neytendur eiga að geta notið bestu kjara í viðskiptum innan ESB. Tryggja verður að tollabandalagið nýtist íslenskum neytendum til fulls og að vöruviðskipti verði greið. Verðsamanburður á grundvelli sameiginlegrar myntar leiðir til aukinnar samkeppni og veitir íslenskri verslun og framleiðslu heilbrigt aðhald.

Náttúruauðlindir

Ísland er ríkt af náttúruauðlindum. Aðildarsamningur verður að tryggja óskoruð yfirráð yfir auðlindum lands, s.s. orku, vatns- og námaréttindum, og sama gildir um auðlindir á landgrunni s.s. mögulegar olíulindir.

Fiskimiðin við Ísland eru ein mikilvægasta auðlind okkar og undirstaða mikilvægrar atvinnugreinar. Hér verður að búa svo um hnúta að efnahagslegur afrakstur auðlindarinnar verði tengdur órjúfanlegum böndum við Ísland. Samningurinn verður að tryggja að veiðar fari að ráðum vísindamanna þannig að fiskstofnar skaðist ekki og að erlendar útgerðir fái ekki meiri rétt á Íslandsmiðum en nú er.

Landbúnaður og byggðaþróun

Mikilvægt er að ná því fram að reglur ESB um norðurslóðalandbúnað gildi hér og sérstaða íslensks landbúnaðar verði viðurkennd. Gildir það um takmörkuð landgæði, veðurfar og einangrun íslenskra húsdýrastofna. Samningar verða að fela í sér að hefðbundinn landbúnaður geti þrifist áfram.

Ekki er síður mikilvægt að Ísland njóti til hins ítrasta góðs af verkefnum og reglum sem lúta að því að efla byggðaþróun og atvinnulíf í dreifðari byggðum. Markviss uppbygging og nýsköpun í atvinnumálum sem er ekki bundin við landbúnað eða sjávarútveg er afar brýn til þess að styðja við mannlíf og atvinnulíf utan höfuðborgarsvæðisins.

Íslenska

Tungumálið er okkur mikilvægt, enda tengt menningu og sjálfsvitund okkar órjúfanlegum böndum. Alþjóðavæðing og aukin samskipti við önnur málsamfélög gera brýnna en nokkru sinni að gæta tungunnar. Við gerum þá skýlausu kröfu að íslenska verði eitt af opinberum tungumálum ESB.

Ekki skylda til hernaðar

Séð verði til þess að Ísland haldi sérstöðu sinni sem land án hers og herskyldu. Íslenskir borgarar verði aldrei skyldaðir til herþjónustu, komi einhvern tíma til þess að ESB ríkin komi sér upp sameiginlegum her af einhverju tagi. Það þarf að gera þrátt fyrir að fátt bendi til þess að slíkt sé í bígerð. Hér má enginn vafi vera.

Já Ísland

Aðild Íslands að Evrópusambandinu er stórt skref í sögu okkar. Ákvörðun um aðild ber því að taka á grundvelli framtíðarhagsmuna og að vel ígrunduðu máli. Í því ljósi á að ganga til samninga við ESB og í því sama ljósi á hver og einn að meta afstöðu sína til aðildarsamningsins þegar þar að kemur. Það er ekki tilviljun að Já Ísland er heitið á sameiginlegum vettvangi okkar Evrópusinna. Það undirstrikar að hagsmunir Íslands eru okkur efst í huga þegar við komumst að þeirri niðurstöðu að leiðir Íslands og ESB eigi og geti legið vel saman. Það er grundvallaratriði að ná aðildarsamningi sem tryggir þessa hagsmuni.

PIPAR\TBWA-SÍA

FRUMKVÖÐLASETRIÐ Á ÁSBRÚ býður frumkvöðlum og fyrirtækjum með nýsköpunarverkefni sem þarfnast stærra rýmis að leigja frábæra SMIÐJUAÐSTÖÐU í ELDEY á hagstæðu verði.

Í frumkvöðlasetrinu gefst skapandi einstaklingum og fyrirtækjum tækifæri á að fá stuðning, fræðslu og ráðgjöf við að hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd, og um leið tækifæri til að efla tengslanet sitt og finna mögulega samstarfsaðila.

Fyrirtæki sem þegar hafa smiðjuaðstöðu í Eldey eru m.a. **Mýr Design, Leikfangasmiðjan Dunamis, HBT og Valorka.**

Nánari upplýsingar um Frumkvöðlasetrið á Ásbrú er að finna á asbru.is/nyskopun

FRUMKVÖÐLASETRIÐ Á ÁSBRÚ

Nýsköpunarmiðstöð Íslands

ÁSBRÚ



Ásbrú í Reykjanesbæ er samfélag frumkvöðla, fræða og atvinnulífs.

Kadeco®

Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar
Sími 425 2100 | fyrirspurnir@kadeco.is

Vegtollavinir enn á ferð

Samgöngur

Ögmundur Jónasson
innanríkisráðherra

Mikilvægt er að halda vel til haga málefnalegum þráðum í umræðunni um samgöngumál; flækja þeim ekki saman því það ruglar umræðuna.

FÍB sjálfu sér samkvæmt

Einn þráðurinn snýr að skattlagningu umferðarinnar, hvort halda eigi áfram að skattleggja eldsneytið, aðflutningsgjöld bifreiða og svo framvegis til að fjármagna samgöngukerfið eða skattleggja notkun vegakerfisins með veggjöldum. Gjaldtaka fyrir notkun mun án vafa verða ofan á þegar fram líða stundir. Þarna stendur tæknin hins vegar í vegi enn sem komið er. Þannig hafa Evrópusambandsmenn ítrekað frestað breytingum á skattlagningarkerfinu í þessa veru vegna tæknilegra örðugleika. Annar þráður umræðunnar snýr að því hvort fyrrnefndir skattar af eldsneyti og aðflutningsgjöldum eigi allir að renna til samgöngumála eða einnig til annarra þátta.

Félag íslenskra bifreiðaeigenda hefur talað fyrir sjálfbæru samgöngukerfi á þessum nótum og hefur viljað annað tveggja: Fá meira fé til samgöngumála eða lægri bensíngjöld. Þetta kallaði hins vegar á niðurskurð í velferðarkerfinu því mikið af samgöngusköttunum rennur þangað inn. Þarna er ég ósammála FÍB en þetta er hins vegar fullkomlega málefnaleg og eðlileg umræða af hálfu samtakanna. Síðan er þriðji þráðurinn og hann snýr að því hvort ráðast eigi í flýti-stór-framkvæmdir á tilteknum leiðum sem yrðu fjármagnaðar með sérstökum vegtollum á þeim vegum. Fyrir þessu hafa Samtök atvinnulífsins talað en yfirleitt í felulitum. Þannig boðar SA ásamt vildarvinum til fundar nú í vikunni þar sem fjallað er „um mikilvægi þess að ráðast nú þegar í arðbærar samgöngufjárfestingar til að auka öryggi, fjölga störfum og efla hagvöxt“. Hér vantar það inn í að ég og þú eigum að bera enn meiri álögur í umferðinni – því verið er að tala um viðbótarfjármagn upp úr okkar vösum – fyrir framkvæmdir sem ég fullyrði að eru ekki besta leiðin til að ná fyrrgreindum markmiðum um öryggi og atvinnusköpun.

Ég er talsmaður þess að verja þeim milljörðum sem við ráðstöfum til vegamála til að gera það allt í senn að bæta samgöngur, auka öryggi og skapa atvinnu í stað þess að fara þær slóðir sem eingöngu þjóna þröngum sérhagsmunum.

Ég hef alla tíð verið efins um vegaframkvæmdir fjármagnaðar með vegtollum nema í undantekningartilfellum. Þegar ég kom inn í ráðuneyti samgöngumála síðastliðið haust fékk ég hins vegar slík áform í fangið og ákvað að láta reyna á vilja sveitarstjórnarmanna, alþingismanna og vegnotenda almennt. Ég held að allir þeir sem ég spurði álits á fjölmennum fundum um þetta efni geti borið vitni um að þetta gerði ég af fullum heilindum. Niðurstaðan var hins vegar skýr og afdráttarlaus.

> Ég hef alla tíð verið efins um vegaframkvæmdir fjármagnaðar með vegtollum nema í undantekningartilfellum.

Vegatollum mótmælt

Tugþúsundir Íslendinga hafa séð í gegnum þetta framtak vegtollavina og hafna áformum þeirra. Í mínum huga voru þau sett út af borðinu eftir fundi sem ég átti með sveitarstjórnarmönnum og alþingismönnum, auk þess sem ég fékk í hendur yfir 40 þúsund undirskriftir sem mótmæltu vegtollaleiðinni til að fjármagna flýtiframkvæmdir. Ég var tilbúinn að hlusta á rök SA nú í vor að þeirra kröfu í tengslum við kjarasamninga og „reyna til þrautar“. En ný rök eða nýjar upplýsingar komu ekki fram af hálfu SA. Bara krafa um að ég breytti um kúrs, ella yrði ég látinn víkja úr embætti!

Trúboðar gærdagsins

Þessum áformum var hafnað. Fundir SA með trúboðum gærdagsins breyta þar engu um.

Tölur sýna að umferð hefur minnkað um allt land sem ræðst af hækkuðu eldsneytisverði og lægri ráðstöfunartekjum en áður. Áform um vegtolla þessu til viðbótar, þar sem oftast er hvorki um stýtingu að ræða né aðra gjaldfrjálsa valkosti, þóknast almenningi alls ekki eins og við höfum ítrekað séð. Hér ber okkur skylda til að hlusta á rödd þjóðarinnar. Það hef ég gert og niðurstaðan er í samræmi við það.

Úthlutun ríkisstyrkja og hlutverk fjárlaganefndar

Stjórnmál

Oddný G. Harðardóttir
formaður fjárlaganefndar

Úthlutun óskiptra liða fjárlagafrumvarpsins, svokallaðra safnliða, hefur verið gagnrýnd harkalega mörg undanfarin ár. Þessir liðir eru alls um 0,3% af útgjöldum ríkisins í ár. Fjárlaganefnd hefur tekið við hundruðum umsókna á hverju hausti, tekið viðtöl og varið löngum tíma í að ákveða úthlutun fjármuna til einstaklinga, félaga og samtaka. Á sama tíma á nefndin að fara yfir alla aðra liði fjárlagafrumvarpsins. Gagnrýnisraddir hafa komið úr öllum stjórnmálaflokkum og Hreyfingunni og úr öllum kjördæmum vegna þessa. Við síðustu fjárlagagerð lýstu margir þingmenn óánægju sinni með fyrirkomulagið og þótti fjárlaganefnd brýnt að endurskoða vinnubrögðin sem tíðkast hafa. Ákveðið var að skoða vandlega úthlutun Alþingis og ráðuneyta á safnliðunum, samtals um 1.500 milljónir króna. Þar af úthlutaði Alþingi um 800 milljónum fyrir árið 2011. Vinnuhópur innan fjárlaganefndar setti saman tillögur um vinnulag sem nýtast á vegna úthlutunar fyrir árið 2012 út frá eftirfarandi markmiðum:

1. Að úthlutun verði gegnsærri og til þess fallin að auka traust á því hvernig fjármunum ríkisins er skipt.
2. Að efla þarfagreiningu og eftirlit.
3. Að bæta stjórnsýslu og yfirsýn yfir einstaka málaflokka.
4. Að sjá til þess að ákvörðunartaka um umsýslu málaflokka sé faglег og afgreiðsla mála samræmd.
5. Að fjárlaganefnd og fagnefndir geri tillögur um umfang einstakra fjárlagaliða en sjóðir, félagasamtök, menningarráð landshluta, vaxtarsamningar sveitarfélaga og ráðuneyti sjái um það sértæka, þ.e. dreifingu til einstakra verkefna.

Það að alþingismenn skuli velja og hafna umsóknum um styrki til einstaklinga, félaga og samtaka er vel til þess fallið að vekja tortryggni og hefur orðrómur um að þingmenn hygli sínu fólki verið hávær. Með þessu fyrirkomulagi er lögð gildra fyrir alþingismenn sem ætti ekki að vera til staðar. Auka þarf traust á því hvernig fjármunum ríkisins er úthlutað og hvernig þeim er varið. Til staðar eru ágætir verkferlar og farvegir fyrir safnliðina hvað þetta varðar, t.d. lögbundnir sjóðir, menningarsamningar sveitarfélaga og vaxtarsamningar sem hafa einnig úthlutað ríkisstyrkjum og ætlunin er að efla þá farvegi. Stjórnsýslulög gilda um þá en ekki um Alþingi og því felst í breytingunni aukin neytendavernd og möguleikar styrkþega til að krefjast jafnræðis og röksemda fyrir úthlutun styrkjanna. Einnig skapast góð tækifæri landshlutasamtaka til að tengja menningarmál við almenna stefnumótun svæðisins þar sem gert er ráð fyrir að auknu fé verði veitt til menningarsamninga við sveitarfélög og hlutverk þeirra útvíkkað. Alþingi hafi hins vegar það hlutverk að ákveða fjármuni til hvers málaflokks fyrir sig og hafi virkt eftirlit með því að fjármununum sé varið eins og ætlast er til.

Heildarútgjöld ríkisins eru um 500 milljarðar króna og með því að gera þær breytingar á vinnulagi og verkaskiptingu sem til standa fær fjárlaganefnd betri tíma til að fara vandlega yfir þær viðtæku heimildir sem færðar eru framkvæmdarvaldinu með fjárlögum ár hvert. Þar vaka þingmenn yfir hagsmunum kjördæma sinna líkt og landsins í heild.

Athugasemd

Í grein minni um Landakotsskólann í gær er vikið að viðbrögðum skólanefndar við upplýsingum um kynferðisglæpi þar við skólann og hún átalin fyrir að harma einungis skaðann sem skólinn hafi orðið fyrir en gleyma fórnarlömbunum. Ég hafði þá einungis séð og heyrt fréttaflutning af yfirlýsingunni, þar sem hún var stytt og mjög úr lagi færð. Nú þegar ég hef lesið hana óstytta sé ég að orð mín voru á misskilningi byggð. Í yfirlýsingu skólanefndar segir þvert á móti: „Við vonum að fórnarlömbin fái að upplifa eitthvert réttlæti af hendi þeirra sem teljast ábyrgir að lokinni rannsókn opinberra aðila.“

Guðmundur Andri Thorsson

Er þetta nýja Ísland?

Fjármál

Sigurður Ingi Jóhannsson
þingmaður Framsóknarflokks

Nú eru nærri þrjú ár frá hruni – meira en tvö og hálft ár frá því að ríkisstjórn VG og Samfylkingar tók við stjórnartaumum og sagðist ætla að breyta öllu til hins betra. Hver er staðan í raun?

Viðskiptablaðið hefur verið að birta fréttir af Húsasmiðjunni sem ríkisbankinn – Landsbankinn – tók yfir og seldi síðan lífeyrissjóðunum. Maður skyldi ætla að í þessu tilfelli „færi allt á besta veg“ hins nýja Íslands. Opinberir og hálfopinberir aðilar sjá um „skuldahreinsun“ og endurreisn. En hver er raunin? Skuldir lækkaðar úr 16,8 milljörðum 2008 í 3,9 milljarða við síðustu áramót. Starfslokagreiðslur til fyrrverandi stjórnenda eru eins og úr bóluhagkerfi 2007 – 55 milljónir fyrir það eitt að hætta störfum! Laun núverandi stjórnenda og stjórna nema tugum milljóna króna og hækka um 30% milli ára! Samt tapar fyrirtækið peningum á rekstrinum og horfur eru slæmar! Hvað skýrir tugmilljóna króna starfslokasamninga og stórhækkuð laun? Hvað er breytt – ekkert? Þetta gengur auðvitað ekki.

Hvernig eiga núverandi samkeppnisaðilar sem og ný fyrirtæki að geta keppt við slíkan aðila? Aðila sem hefur fengið afskriftir til hægri og vinstri. Aðila sem býr við pilsfaldakapítalisma dauðans. Fyrst hjá ríkisbankanum og síðan lífeyrissjóðunum. Var þetta það sem VG og Samfylking lofuðu vorið 2009? Er það vegna þessa og sambærilegra dæma sem þau sitja á ráðherrastólunum og vilja ekki sleppa?

Hvenær kemur sá dagur að þeir sem stjórna bera ábyrgð? Hvenær kemur sá dagur að viðskiptasiðferðið verður eins hjá siðuðum vestrænum þjóðum, t.d. Norðurlöndunum? Hvenær munu heimilin og venjuleg fyrirtæki fá sambærilega eða kannski væri betra að segja eðlilega fyrirgreiðslu hjá bönkum og yfirvöldum? Það er ljóst að ríkisvæðing fyrirtækja er ekki leiðin. Það er hins vegar öllum jafnljóst að skýrar afmarkaðar leikreglur þar sem allir sitja við sama borð ásamt öflugum eftirlitsaðilum er rétta leiðin fram á við. Pólitísk stýring viðskiptalífs á að heyra fortíðinni til.

Staðreyndirnar tala sínu máli, því miður er Húsasmiðjan ekki eina dæmið. Það er hins vegar staðreynd að langflestir Íslendingar telja þetta ekki vera hina réttu leið að nýju og réttlátara Íslandi. Þær hugmyndir snúast um að allir sitji við sama borð. Ákvarðanir stjórnvalda og opinberra sem hálfopinberra aðila séu gegnsæar og á grundvelli almenns jafnræðis fólks og fyrirtækja.

Almenn niðurfærsla skulda – svokölluð 20% leið – sem Framsóknarflokkurinn kynnti í febrúar 2009 var slík jafnræðis- og gegnsæisleið. Hefðu ríkisstjórnarflokkarnir borið gæfu til að hlusta – þá væri staðan önnur og betri hjá samfélaginu. Þá biðu ekki 2.000 fjölskyldur eftir úrlausnum umboðsmanns skuldara né heldur þúsundir fyrirtækja hjá bönkunum í svokallaðri „beinu braut“.

Almenn niðurfærsla er engin töfralausn – eftir sem áður þyrftu ýmsir á sértækum lausnum að halda og einnig yrðu sumir gjaldþrota. En aðalatriðið er að allir sætu við sama borð þar sem markmiðið um réttlæti og sanngirni réði ríkjum. Það var og er hugmyndin um nýtt og réttlátara Ísland.

THULE SWEDEN
AFMÆLISTILBOÐ
TAKMARKAÐ MAGN
Ferðabox

NÚMER	HEITI	LÍTRAR	LITIR	VERÐ ÁÐUR	TILBOÐ	ÞÚ SPARAR
631100	Pacific 100	370	grátt	59.900	49.900	10.000
631200	Pacific 200	460	grátt/svart	79.900	65.900	14.000
631500	Pacific 500	330	grátt/svart	69.900	55.900	14.000
631600	Pacific 600	340	grátt/svart	89.900	79.900	10.000
631700	Pacific 700	460	grátt/svart	97.900	85.900	12.000

Sjá nánar á: www.stilling.is/ferdabox
Stilling hf. | Sími 520 8000
www.stilling.is | stilling@stilling.is
Stilling

Náttúrulaugar eru víða um land og vinsælt að baða sig í þeim. Þessar laugar eru yfirleitt í umsjón landeða skálavarða en sjaldnast vaktaðar sem slíkar. Börn ættu því aldrei að vera í þessum laugum nema undir stöðugri umsjón fullorðinna.

GÆÐAFISKUR

ÍSLENSK FÆÐUBÓT

BITAFISKUR

-næring fyrir líkama og sál

Sölustaðir:
10 -11, Inspired í Flugstöðinni, Samkaup, Nettó, Kaskó, Fjarðarkaup, Skeljungsbúðirnar, Olís, N1, Kaupfélag V- Húnvetninga, Kaupfélag Skagfirðinga,Verslunin Vísir, Bláa lónið, Hreyfing, Krambúðin, Fiskbúðin Freyja, Melabúðin.

Eirberg

AIR-O-SWISS

Ultrasonic rakatæki

- Innbyggður rakamælir
- Heitur og kaldur úði
- Vörn gegn bakteríumyndun
- Draga úr þurrki í augum og öndunarfærum

Einstök hönnun

Í sumar er opið virka daga frá kl. 9 -18
Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is

Sumar útsalan er hafin

30 - 70% afsláttur

MIND

Smart verslun fyrir konur - Firði Hafnarfirði

Sími 534 0073

FJÖRÐUR
www.fjordur.is

Guðni Páll Viktorsson heillaðist af kajakróðri fyrir rúmu ári og hefur róið nánast daglega síðan.

Hafið fær aðra vídd

Ein besta aðstaða til kajakróðurs á landinu er hér á Ísafirði," segir Guðni Páll Viktorsson þar sem hann rennir sér yfir spegilsléttan Pollinn innst í Skutulsfirði. „Hér innst í firðinum er mikil veðursæld og mikið logn á sumrin, sem gerir það að verkum að við komumst alltaf á sjó þrátt fyrir snælduvitlaust veður úti á miðum," segir hann.

Guðni Páll kynntist íþróttinni fyrir aðeins rúmu ári en hefur náð góðum tökum á henni þrátt fyrir það. „Kajakíþróttin er mjög vinsæl hér á Ísafirði og ræðararnir mjög áberandi á Pollinum. Ég heillaðist af þessu, ákvað að kaupa mér kajak og fór á námskeið hjá Halldóri Sveinbjörnssyni og hef róið nánast daglega síðan," segir Guðni Páll glaðlega.

En hvað er svona heillandi? „Það er frelsið, og svo kynnist maður náttúrunni á annan hátt. Ég er sjómaður á veturna og þekki því sjóinn en á kajak fær maður allt aðra sýn á hafið og ber meiri virðingu fyrir náttúruöflunum," útskýrir hann.

Guðni Páll miðlar nú þekkingu sinni áfram. „Ég kenni sumarnámskeið fyrir börnin á Ísafirði og kenni þeim bæði á kajak og litla seglbáta. Hér þykir börnum sjálfsagt að leika við og í sjónum og því er nauðsynlegt að gera þau meðvituð um hvað getur gerst," segir Guðni Páll og telur að börnin beri meiri virðingu fyrir sjónum eftir námskeiðið og þyki sjálfsagt að klæðast björgunarvestum eftir það. *solveig@frettabladid.is*

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

friendtex

ÚTSALA

MIKIÐ ÚRVAL AF FLOTTUM FATNAÐI

KÍKTU ÞAÐ BORGAR SIG

Opnunartími:
mánud. - föstud. kl. 11:00 - 18:00 lokað á laugardögum

Bonito ehf. Friendtex
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 - www.friendtex.is

ÍSLENSKT HUNDANAMMI

gott í þjálfun og í leik

VINSÆL VARA



Fæst í Bónus, Samkaup, 10-11, Fjarðarkaup og Inspired Keflavíkurflugvelli

Sykursýki í fullorðnum hefur rúmlega tvöfaldast frá árinu 1980. Frá þessu er greint á fréttavef BBC. Samkvæmt rannsókn Imperial College í London og Harvard-háskóla í Bandaríkjunum hefur sykursjúkum í heiminum fjölgað úr 153 milljónum í 347 milljónir.

Kynning

Himnasending fyrir fólk með svitavandamál

Maxim-svitastopparinn er viðurkenndur af læknum enda er hann eins og himnasending fyrir marga sem eiga við svitavanda að glíma. Aðalheiður Ýr Ólafsdóttir í Laugum Spa segir vinsældir hans vaxandi.

„Ég sá Maxim-svitastoppara fyrst nefndan á netinu. Þar var íslenskur lýtalæknir að mæla með honum og ég ákvað að prófa enda er ég alltaf á æfingum og þarf stöðugt að skipta um boli," segir Aðalheiður Ýr Ólafsdóttir snyrtifræðingur, sem starfar í Laugum Spa. Hún segir Maxim vera glæran og lyktarlausan vökva sem stöðvi svitamyndun þar sem hann sé borinn á, til dæmis undir handarkrika, og eyði þar með svitalykt. „Svitinn kemst samt annars staðar úr líkamanum eins og áður, ég fullvissaði mig um það hjá lækni áður en ég hóf notkunina," segir hún og tekur fram að aðeins þurfi lítið magn til að ná árangri.

„Yfirleitt nægir að nota Maxim-svitastopparann eina viku í senn og svo af og til eftir það þegar þörf krefur," segir Aðalheiður, snyrtifræðingur og keppandi í Model fitness. MYND/VALLI

Aðalheiður segir mælt með því að nota Maxim áður en farið sé í háttinn og þá á hreina og þurra húð en hvorki nýrakaða né nývaxaða. „Yfirleitt nægir að nota Maxim-svitastopparann eina viku í senn og svo af og til eftir það þegar þörf krefur. Fólk sem svitnar mikið og annars þyrfti að skipta um skyrtur og boli oft á dag kann mjög vel að meta hann og vinsældir hans fara stöðugt vaxandi," segir hún.

Sandra Lárusdóttir hjá AT Hús ehf. sem hefur flutt inn Maxim-svitastopparann frá 2004 tekur í sama streng. Hún segir ótrúlega marga glíma við svitavandamál. „Það er hvimleitt fyrir þjóna, tannlækna, kennara, heilbrigðisstarfsmenn og fleiri sem eru í stöðugu návígi við fólk að vera með svitapolla undir höndunum. Fólk á breytingaskeiði og fólk sem þarf að taka mikið af lyfjum svitnar og lyktar af þeim sökum. Maxim er eins og himnasending fyrir það." Sandra tekur samt fram að fara verði eftir notkunarleiðbeiningum á pökkunum.

Útsölustaðir Maxim eru eftirtaldir: Lyfja, Árbæjarapótek, Fjarðarkaup, Femin.is, Verði þinn vilji, Lyfjaval, Urðarapótek, Laugar Spa World Class, Reykjavíkurapótek, Choke, Apótek Vesturlands, Apótekið og Butik.is.

Útsalan hefst í dag

20-80% afsláttur

Ótrúlegt úrval af sumarkjólum fyrir brúðkaupið og sumarveislurnar

FLASH
Laugaveg 54,
sími: 552 5201
Við erum á facebook

Ísland mælist með dánartíðni vegna fíkniefna yfir hundrað á hverja milljón íbúa, en meðaltalið er á bilinu 46 til 48. NORDICPHOTOS/AFP

Há dánartíðni af völdum fíkniefna

Ísland er í hópi fjögurra Evrópuþjóða sem eru með hvað hæsta dánartíðni af völdum fíkniefna í álfunni samkvæmt nýrri skýrslu frá Sameinuðu þjóðunum. Dánartíðnin er yfir hundrað á hverja milljón íbúa.

Árleg skýrsla Fíkniefna- og glæpaskrifstofu Sameinuðu þjóðanna um fíkniefni í heiminum var birt í lok síðustu viku. Í skýrslunni kemur fram að Ísland er á meðal fjögurra þjóða Evrópu þar sem dánartíðni af völdum fíkniefna er hvað mest, yfir hundrað fíkniefnatengd dauðsföll á hverja milljón íbúa. Hinar þrjár Evrópuþjóðirnar eru Úkraína, Írland og Lúxemborg. Meðaldánartíðni á hverja milljón íbúa er í kringum 46 til 48 á ári hverju í Evrópu.

Upplýsingarnar eru byggðar á gögnum Fíkniefna- og glæpaskrifstofu Sameinuðu þjóðanna frá árinu 2009. Í skýrslunni kemur fram að miðað er við dauðsföll tengd inntöku of stórs skammts fíkniefna, sjálfsmorð af völdum fíkniefna, slys eins og umferðarslys sem verða vegna fíkniefnaneyslu, dauðsföll af völdum sjúkdóma sem verða vegna notkunar sprautunála eða sjúkdómum sem tengjast langtímafíkniefnanotkun. Sá fyrirvari er gerður við upplýsingarnar að skráning og flokkun dauðsfalla af völdum fíkniefna getur verið með mismunandi hætti í löndum heims.

Þórarinn Tyrfingsson, framkvæmdastjóri meðferðarsviðs á Vogi, hafði ekki kynnt sér niðurstöður skýrslunnar þegar haft var samband við hann. Hann sagði þó að niðurstöðurnar kæmu sér á óvart. „Það vekur grunsemdir að við skulum vera svona hátt uppi um leið og við erum með hæstu lífslíkur fyrir karlmenn í Evrópu. Flestir sem deyja af völdum fíkniefna fyrir aldur fram eru karlmenn, þannig að þetta ætti að koma niður á þeim tölum," segir Þórarinn og bætir við að hann taki tölunum með miklum fyrirvara og þær séu ekki frá Vogi komnar.

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofunni er haldin skrá yfir dánarmein hjá stofnuninni þannig að líklegt er að tölurnar séu þaðan. Upplýsingar frá Landlæknisembættinu gefa til kynna að túlka verði samanburð á dánartíðni milli landa með fyrirvara vegna mismunandi greiningaraðferða og aldursamsetningar.

Í skýrslunni kemur fram að í Evrópu séu dauðsföll af völdum fíkniefna milli 25 þúsund og 27 þúsund á ári hverju. Flest dauðsföll af völdum fíkniefna verða í Úkraínu, Rússlandi, Bretlandi, Spáni og Þýskalandi, en samtals um áttatíu prósent allra fíkniefnatengdra dauðsfalla í álfunni verða í þessum fimm löndum.

martaf@frettabladid.is

E.coli sýking orsakast af bakteríunni Escherichia coli, sem framleiðir ákveðna tegund eiturefnis. Uppruna sýkinganna má oftast rekja til nautgripa og afurða þeirra. Helsta smitleiðin er með menguðum matvælum og vatni en einnig getur orðið beint smit milli manna.

Á ferð um landið

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Leikið í stærsta sandkassa Íslands

Breiðavík við Látrabjarg er ein af fegurstu perlum íslenskrar náttúru. Þar er aldrei selt kaffi heldur gefinn ilmandi molasopi þegar sólin kyssir gylltan sandinn góða nótt.

„Bjart er yfir Breiðavík og hér vaka góðir andar," segir Keran Stueland Ólason, bóndi og staðarhaldari í Breiðavík við Látrabjarg. Þar hefur hann síðustu tylft ára rekið gistihús ásamt eiginkonu sinni Birnu Mjöll Atladóttur.

Keran segir samlanda sína einkum tíunda hversu bjart sé yfir staðnum. „Meira að segja þeir sem eiga erfitt um svefn segjast aldrei sofa betur en í friðsældinni hér," segir Keran, sem þó vildi sjá fleiri Íslendinga staldra við í Breiðavík. Breiðavík varð áberandi í umræðunni eftir að upp komst um illa meðferð drengja sem þar voru vistaðir á sjötta til áttunda tug síðustu aldar. „Við finnum enn fyrir mikilli andúð gagnvart staðnum, sem líka beinist að fólkinu sem hér vinnur og okkur sjálfum, og erum þó saklaus af þeim harmleik sem hér átti sér stað," segir Keran, sem stundum er spurður hvort umfjöllunin um Breiðavík hafi skilað honum auknum viðskiptum, en því svarar hann alltaf eins:

„Umfjöllunin skilaði því að nú vita allir hvar Breiðavík er á landakortinu. Mjög dró úr gesta-

FRAMHALD Á SÍÐU 2

SKEMMTUM
OKKUR
INNANLANDS

FLUGFELAG.IS

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

ÍSLENSKA/SÍA.IS/FLU 59096 05/11

NINGS
Suðurlandsbraut 6
NINGS
Stórhöfða 17 við Gullinbrú
NINGS
Hlíðasmára 12 Kópavogi
Sími 588 9899
www.nings.is

Breiðavík státar af vestasta bar Evrópu, þar sem mikil stemning er að fá sér drykk í töfrandi sólarlaginu. Þar eru einnig 70 rúm, þar af 24 herbergi með baði og dýrindis veitingahús. Hér má sjá stoltan hóp starfsfólks með Birnu Mjöll lengst til vinstri.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

FRAMHALD AF FORSÍÐU

gangi í kjölfarið en nú ríkir orðið meira jafnvægi. Ég heyri þó oft á munnmæli fólks að það geti ekki hugsað sér að koma hingað, og staðurinn hefur vissulega beðið tjón af þeirri ógæfu sem hér varð," segir Keran, sem gefur gestum Breiðavíkur nýlagaðan molasopa allan sólarhringinn.

„Töfrar Breiðavíkur liggja í náttúrunni, fuglalífinu og kyrrðinni. Þeirri upplifun verður ekki lýst með orðum að vera kominn svo langt frá alfaraleið og horfa á sólina ganga í sjóinn og roðagylla sandinn. Hér nýtur fólk óviðjafnanlegrar náttúru og unaðslegs atlætis á góðum stað, og í dag er enginn á Breiðavík sem bítur," segir Keran í stærsta sandkassa Íslands, sjálfri fjörunni í Breiðavík.

„Sagan verður alltaf til staðar, rétt eins og á Þingvöllum þar sem fólk var dæmt til dauða og tekið af lífi. Samt flykkist fólk þangað áfram á meðan það sniðgengur Breiðavík. Hins vegar hefur komið skýrt fram hjá þeim mönnum sem dvöldu hér í æsku að staðurinn var þeim afskaplega vingjarnlegur og að umhverfið bætti upp ljótleika mannanna," segir Keran, sem undanfarin ár hefur boðið Breiðavíkurdrengjum að koma vestur um hvítasunnuhelgina.

„Margir hafa endurnýjað kynni sín af Breiðavík og komið aftur og aftur. Allir eru þeir orðnir miklir vinir okkar og yndislegt fólk. Að sjá þá fara sæla til baka gefur okkur Birnu kraft til að takast á við þetta og enn hef ég ekki hitt neinn sem hefur séð eftir því að koma, en á móti séð miklar og góðar breytingar á mönnunum eftir á," segir Keran, sem ætlar að viðhalda sögunni sem ekki má gleymast í samvinnu við Breiðavíkurdrengina sjálfa.

„Það er vandmeðfarin vinna en ég hef boðið þeim að taka frá fallegan reit í víkinni sem helga má þeim sem hér dvöldu. Hugmyndir eru um að gróðursetja þar tré fyrir hvern og einn pilt, ásamt því að setja upp minnisvarða og fallegan trjálund til íhugunar. Við horfum því fram á veginn, á bjarta tíma og fallega vík." - þlg

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

● **KYSSTU MIG NÚ, LUNDI!** Leiðin út að Látrabjargi liggur framhjá Breiðavík og er undurfögur alla leið. Látrabjarg er eitt helsta aðdráttarafl ferðafólks um Vestfirði; það er vestasti oddi Evrópu og eitt mesta fuglabjarg álfunnar. Frá austri til vesturs er Látrabjarg fjórtán kílómetra langt og afar þverhnípt, en hæst er það 444 metrar við háan Heiðnukinn.

Ganga með bjargbrúninni er ævintýri líkust og fuglalífið ógleymanleg upplifun. Stundum bregður fyrir hvölum skammt frá landi og úti fyrir Látrabjargi sjást útselir oft á klöppum. Líklegt er að bjargið dragi nafn sitt af því, en orðið látur á við um staði á landi þar sem selir kæpa.

Öldum saman var sigið í bjargið eftir eggjum en sigi var hætt eftir 1925 þegar fjörutíu þúsund eggjum var safnað.

Heimild: www.nat.is



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Eirberg
Viðurkenndar stuðningshlífar í úrvali
BAUERFEIND
Í sumar er opið virka daga frá kl. 9 -18
Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is

Láttu ekki flugnabitin eyðileggja fríið

Effitan flugnafæluúði er með mikla virkni en á sama tíma náttúrulegur og án DEET. Rannsóknir* sýna að Effitan verndar í allt að 8 tíma.

Öruggt fyrir ófríska konur og börn frá þriggja mánaða. Einungis þarf að passa að bera ekki efnið þar sem hægt er að setja í augu og munn.

Virku innihaldsefnin í Effitan eru ma. kókosolía, Eucalyptus Citriodora (sítrónu júkalyptus) og citronella (grastegund sem er notuð í ilmolíur).

Effitan er 98,88% náttúrulegur og án allra Paraben efna.

EFFITAN Insect Repellent
Repellent spray to help prevent bites from mosquitoes, ticks & horse flies
In accordance with the alva skincare standard*
Active ingredient from natural sources

alva
EITUREFNALAUST

*Rannsóknir frá Swiss tropical institute í Basel og Dr. Dautel Institut í Berlin.

Innflutningsaðili: Gengur vel ehf.
Fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og hjá N1.

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
MEIRA SJÓNVARP
Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.
VÍSIR

Arkað á tinda Svarfaðardals

NÍUNDI DAGUR: INGJALDUR – TUNGUFJALL

Við sváfum ágætlega en nokkuð hvessti um miðja nótt þannig að tjaldið blakti og ég hafði áhyggjur af dótinu mínu úti, en allt var í lagi þegar við vöknuðum í morgunsól og logni. Framundan beið okkar það verkefni að komast á Heljardalsheiði í botni Svarfaðardals. Við gáfum okkur góðan tíma við morgunverðinn og nutum fegurðarinnar og horfðum stoltir á farartálmann sem við sigruðum í gærkvöldi. Nú var ekki síður fagurt að horfa til Skagafjarðar yfir Elliða, Ármannsfellið og hvassbrýndan Ingjaldshnjúkinn (sem er við Ingjaldsskálina í Kolbeinsdal og er allt annar hnjúkur en fjallið Ingjaldur), og stundum heyrðum við og sáum grjót hrynja úr honum niður í Ingjaldsskálina. Þetta er morgunn sem seint gleymist.

Mynd 76. Í morgunsólinni. Séð út Víðinesdal og Kolbeinsdal yfir Skagafjörð.

MYND/ÚR BÓKINNI SVARFAÐARDALSFJÖLL

Þetta er kafli úr hinni nýútkomnu bók Svarfaðardalsfjöll eftir Bjarna E. Guðleifsson. Hún fjallar um gönguferðir fjögurra manna upp á tinda, eggjar og fjallahryggi umhverfis Svarfaðardal og hliðardali hans, þeirra Árna Þorgilssonar, Grétars Grímssonar, Þorsteins Skaftasonar og höfundar. Texti bókarinnar lýsir mikilfenglegu landslagi og leiðum sem lítið eða ekkert hefur verið skrifað um áður. Hann er gæddur lífi með frásögnum af ýmsu sem við bar á ferðum þeirra félaga, draumum þeirra og veruleika, fólki sem þeir hittu, ásamt kveðskap og þjóðsögum sem tengjast umræddu svæði. Þá eru 138 myndir og 18 kort bæði til prýði og upplýsingar. Þar eru nöfn flestra tinda og fjallaskarða merkt inn á.

Það var hugmynd Hjartar Eldjárns Þórarinssonar á Tjörn í Svarfaðardal að ganga fjallahringinn umhverfis Svarfaðardal allan og árið 1995 ákváðu umræddir félagar að gera þá hugmynd að veruleika. Það tók þá fimmtán göngudaga á átta árum að ljúka ætlan sinni og höfðu þeir þá farið á 75 tinda og jafnmörg fjallaskörð.

Internetið auðveldar skipulagningu sumarfrísins.

Gagnlegar síður fyrir ferðalagið

Með hjálp internetsins er hægt að undirbúa ferðalög innanlands á þann máta að sumarfríið verður þægilegt, fjölbreytt og síðast en ekki síst öruggt.

WWW.VEGAGERDIN.IS
Allt á einum stað um umferð, færð, veður og ástand vega. Ætti að vera upphafssíða ökumannsins.

WWW.NAT.IS
Mjög ítarlegur og vandaður þjónustu- og upplýsingavefur fyrir ferðamenn, á íslensku og ensku, sem dekkar allt landið. Á síðunni er meðal annars hægt að fá upplýsingar um gistingu, tjaldstæði, skoðunarverða staði, ferðir um hálendið, ferðaáætlanir, stangveiði, golf, menningu og sögu. Heimsóknir eru um 60.000 á mánuði.

WWW.SVEIT.IS
Ferðaþjónusta bænda rekur vefsíðu þar sem hægt er að fá upplýsingar um gistingu, mat og ýmsa afþreyingu sem bændur um allt land bjóða.

WWW.FI.IS
Ferðafélag Íslands er með upplýsingar um skemmtilegar gönguleiðir víða um land og úrval skipulagðra ferða.

UTIVIST.IS
Ferðafélagið Útivist heldur úti vönduðum vef þar sem meðal annars er að finna leiðarlýsingar og gátlista um fatnað, mat og nauðsynlegan farangur fyrir ferðalanginn.

ALLIR.IS
Langan lista má finna inni á vefsíðunni yfir alls kyns ferðavefi sem skipt er í flokka eftir landshlutum. Á síðunni skal smella á flipann „Ferðalög“ og velja þar „landshlutar“.

EAST.IS
Markaðsstofa Austurlands heldur úti síðunni þar sem finna má áhugaverða áfangastaði á Austfjörðum.

NORDAUSTURLAND.IS
Fróðleikur, myndir og upplýsingar um svæðið frá Vaðlaheiði í vestri til Bakkafjarðar í austri, frá Vatnajökli til sjávar.

WWW.NORTHWEST.IS
Sögustöðum, náttúruperlum, kirkjum, handverki, söfnum og fleiru á Norðausturlandi eru gerð góð skil á vefnum.

WWW.SOUTH.IS
Markaðsstofa Suðurlands með afbragðs ferðavísi um svæðið.

WWW.SVEITIR.IS
Upplýsingavefur um ferðaþjónustu uppsveita Árnessýslu sem og viðburði á svæðinu.

WWW.VESTFIRDIR.IS
Allt um sögustaði og náttúruundur Vestfjarðakjálkans, sem og almenna ferðaþjónustu.

WWW.WEST.IS
Upplýsingabrunnur um ferðalög á Vesturlandi.

WWW.VISITAKUREYRI.IS
Ferðavefur fyrir ferðamenn á Akureyri og nágrenni.

FLEIRA SNIÐUGT

WWW.GERUMEITTHVAD.IS
Viðburðavefur sem listar það sem er á döfinni víðs vegar um landið í tímaröð. Á forsíðunni birtast þeir viðburðir er teljast fjölskylduvænir í höfuðborginni og í allt að 40 mínútna aksturs fjarlægð frá Reykjavík. Efst á síðunni eru svo flipar þar sem hægt er að velja viðburði er tengjast landsbyggðinni, útivist og hreyfingu og svo er hægt að skoða hvað er á dagskrá er hentar börnum, 20 ára og eldri og sér flipi er með tillögum fyrir eldri borgara.

WWW.SAFETRAVEL.IS
Slysavarnafélagið Landsbjörg rekur heimasíðuna sem ferðalangar eru eindregið hvattir til að kynna sér áður en lagt er af stað í ferðalag. Verkefnið er í höndum fjölda aðila sem hafa það að markmiði að efla forvarnir og minnka slys í ferðamennsku og ferðaþjónustu hérlendis. Má þar meðal annars finna upplýsingar um öruggar samgöngur, nauðsynlegan útbúnað, hvernig umgangast skal stórbrotna og stundum hættulega náttúru Íslands og mikilvæg öryggisatriði í ferðamennsku.

Ókeypis tjaldstæði á Suðurlandi.

Mýrdælingar og Skaftfellingar bjóða tjaldgestum á ferð ókeypis tjaldstæði.

Dagana 27. júní til 1. júlí verður ferðamönnum á Suðurlandi boðið ókeypis tjaldstæði á öllum tjaldsvæðum við og í kringum Kirkjubæjarklaustur í Skaftárhreppi og Vík í Mýrdal.

Þórsmörk og Landmannalaugar, daglega í sumar!

Með Trex verður auðvelt að heimsækja þessar náttúruperlur í óbyggðum Íslands, með daglegum rútuferðum frá 1. júlí til 15. ágúst. Brottför frá Tjaldstæðinu Laugardal kl. 07.45 og Ferðafélagshúsinu Mörkinni 6, kl. 08.00. **Pantið fyrirfram!**

Við erum á facebook. Finndu okkur á facebook: Trex - Travel Experiences

TREX Hópferðamiðstöðin

Trex - Hópferðamiðstöðin ehf.
Hesthálsi 10 • 110 Reykjavík,
info@trex.is • www.trex.is
Sími: 587 6000

● VINALEGT VIÐMÓT UM LAND ALLT Vinalegasta viðmótið er yfirheiti sumarherferðar sem Ferðamálastofa stendur að í samstarfi við Ferðaþjónustu bænda, Samtök ferðaþjónustunnar, Íslandsstofu, Ferðamálasamtök Íslands og Markaðsstofur landshlutanna. Hugmyndin er að verðlauna það sem vel er gert í þjónustu hjá ferðaþjónustuaðilum um allt land og hvetja fólk í þjónustustörfum til að veita góða þjónustu og vinalegt viðmót.

Fólk getur látið vita af góðri þjónustu með því að hringja í þátt-inn Virka morgna á Rás 2 eða skrifa ábendingu á Facebook-síðu átaksins. Þá er einnig hægt að verðlauna gott viðmót á stöðunum sjálfum með því að „gefa bros", en broslímmiðar liggja frammi víða og þá má líma á þar til gert veggspjald til að láta í ljós ánægju sína með áþreifanlegum hætti.

Nánari upplýsingar um herferðina er að finna á www.sveit.is.

● LJÓS OG NÁTTÚRA SKAGAFJARÐAR

Ljósmyndasýning með myndum eftir Jón Hilmarsson verður opnuð í Hans Petersen, Ármúla 38, á morgun klukkan 18. Sýningin ber yfirheitið Ljós og náttúra Skagafjarðar, en það er einnig nafn ljósmyndabókar með myndum Jóns af landslagi og náttúru Skagafjarðar. Bókin verður gefin út samhliða opnun sýningarinnar og fylgir bókinni geisladiskur eftir Alexöndru Chernyshovu, Aðeins þú. Alexandra mun taka nokkur lög af disknum við opnun sýningarinnar.

Á hlaupahátíðinni verður hlaupið, synt og hjólað. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hlaupahátíð á Vestfjörðum

Hlaupahátíðin á Vestfjörðum verður haldin í þriðja sinn í sumar, helgina 15. til 17. júlí.

Hátíðin var upphaflega haldin árið 2009 þegar Óshlíðarhlaup og Vesturgatan voru hlaupin sömu helgi í fyrsta sinn. Í fyrra bættust hjólreiðar við og í ár verður einnig boðið upp á sjósund, lengri Vesturgötu og þriggja daga þríþraut. Sjósundið fer fram á Pollinum í Skutulsfirði og þríþrautin felst í 500 m sundi, 57 km hjólreiðum og 24 km hlaupi.

Nánari upplýsingar og dagskrá eru á hlaupahatid.is en skráning fer fram á hlaup.is.

● HJÓLAÐ UM VIÐEY

Fjallahjólaklúbburinn fer í árvissa hjólaferð til Viðeyjar í dag. Hjólað verður um eyna og sagan skoðuð, hús og minjar. Leiðin er hvorki löng né erfið og hentar því flestum. Mæting er við Viðeyjarferjuna ekki síðar en klukkan 19 en lagt er af stað korter yfir. Siglt verður til baka klukkan 22.

Hjólagarpar geta fengið sér hressingu í kaffihúsi Viðeyjarstofu, sem er opin á þriðjudagskvöldum í sumar.

Gjald í ferjuna er þúsund krónur fyrir fullorðna en 500 krónur fyrir börn 7 til 18 ára.

www.fjallahjolaklubburinn.is

BÍLAR & FARATÆKI

TOYOTA Corolla verso 7 manna mmt. Árgerð 2008, ekinn 19 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.290.000. Rnr.221004.

Tundra crewmax limited. Árgerð 2007, ekinn 27 Þ.MÍLUR, bensín, sjálfskiptur. Verð 5.290.000. Rnr.220674.

Bílamarkaðurinn
Smiðjuvegi 46E, Kópavogi
Sími: 567 1800

SUZUKI

Allir Suzuki utanborðsmótorar á lækkuðu verði og flestar stærðir á lager til afgreiðslu strax.

Suzuki Umboðið ehf
Skeifan 17, 108 Reykjavík
Sími: 568 5100
http://www.suzuki.is

STÓRA BÍLASALAN

Chrysler 300 Touring Árgerð 2005, ekinn 46þ.m, ssk, leður. Fallegt eintak sem er á staðnum! Verð 2.770.000kr. Raðnúmer 151781. Sjá nánar á www.stora.is

Stóra bílasalan
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 5861414
Myndeftirlit á plani
http://www.stora.is

Bíla & FerðavagnaMarkaður

Til sölu LMC Dominant 560 RBD, árgerð 2008. Markísa, Sólarsella, Sjónvarp og Grjótagrind. Mjög vel með farið hýsi. Verð 3.900 þús. Óskum einnig eftir öllum ferðavögnum á skrá. Mikil eftirspurn og góð sala.

Ferðavagnamarkaður
Höfðabakka 9, 110 Reykjavík
Sími: 445 3367
www.ferdavagnamarkadur.is

bilauppbod.is

Þarftu að kaupa eða selja bíl?
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppboð - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is
www.bilauppbod.is

HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast

YAMAHA XVS Dragstar1100 Árgerð 2009, ekinn 2 þ.KM 5 gírar. Verð 1.780þ Rnr.170394. Er í sal.

Höfðabílar
Fosshals 27, 110 Reykjavík
Sími: 577 4747
www.hofdabilar.is

Lykil bílar ehf. bílasala

Ford Transit Hobby T 600 Árg 2008 ek aðeins 12 þ.km, bsk Stórglæsilegur bíll sem vert er að skoða Bíllinn er á staðnum til sýnis.

Lykilbílar bílasala ehf
Hamarshöfða 1, 110 Reykjavík
Sími: 445 7700
Vantar húsbíla og ferðavagna á skrá og á staðinn
www.lykilbilar.is

100bilar.is bílasala

Audi A4 3,0 Quattro Wagon, árg.2002, sjálfsk, 221hö, 4x4, leður, lúga, Bose hljómkerfi, sportsæti omfl, Í topp standi og lítur mjög vel út, Ásett verð aðeins 1990þús.kr, Rnr 115612, Er á staðnum,

100 bílar ehf
Þverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-18.00,
Lokað á laugardögum.
www.100bilar.is

Bílar til sölu

Ford Transit með krana!!!!
Til sölu Frod Transit 125-350 diesel árg. 2002 ekinn ca 140 þ km 5 gíra skoðaður 2012 er á tvöföldu að aftan, bíll mikið endurnýjaður s.s. turbína, vél, kúpling, spíssar, olíuverk og .fl á pallinum er áfastur Hiab krani, bíll í góðu standi verð 2.200.000 með vsk uppl. í síma 861-7600.



VW Passat highline 2,0 Fsi. 07/2006 ek. 99 þús. km. Verð 1.900. S. 861 0153.

7 manna á 790.000-
Chrysler Town and Country árg 99 ekinn 102 þ m sjálfskiptur leður 7 manna álfelgur skoðaður 2012 verð 790.000 stgr upplí síms 861-7600

2001 á 190.000-
Lada 111 wagon árgerð 2001 ekinn ca 40þ km 5 gíra skoðaður 2012 verð 190.000- uppl. í síma 861-7600.

Til sölu Toyota Avensis árg. 2006. Ek. 128þ.km. Verð 1980 þús. Skoða skipti á ódýrari. Topp fjölskyldubíll. Uppl. Í síma 823-3344.

50% ódýrara eldsneyti. Einföld metan breyting á bílnum. Engin útborgun. Greiðist að fullu með rekstrarsparnaði og þú átt fullt af peningum afgangs! Reiknaðu út þinn bíl á www.islandus.is. Bjóðum einnig ódýrari nýja og notaða bíla frá öllum helstu bílaframleiðendum. Hundruð ánægðra viðskiptavina. www.islandus.com - Sími 5522000.

Renault Clio '01. Ek 70þ. Sjálfskiptur. 3 dyra. Verð: 490þús. Uppl. í s. 695 1031

Til sölu VW Bora árg 99' lítið keyrður og þarfnast lagfæringar v. 150þ. staðgr. uppl: 8476391

250-499 þús.

Tilboð 470þ. Subaru Legacy station, 99 model. Keyrður 171þ. upplýsingar í S: 849 6700

Til sölu Reno kangoo 00' árg. Sk 2012. Ný tímareim og fl. Uppl. í síma 898 4004

1-2 milljónir

BMW 323i e46 Ek. 181 þús. árg'99 Sjálfsk., nýskoðaður, nýyfirfarinn. V. 1,2m Uppl. 866-8149

2 milljónir +

Passat VR6 higline 4motion árg 2006 ekinn 75þús bensín 3.168cc 251hö. verð 3.990 þ.kr skoða skipti á ódýrari bíl. uppls í síma 691-2910 Katrín

Bílar óskast

Bíll óskast á 25-250þús.
Má þarfnast lagfæringa. Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms.

Sendibílar

568 5000 NS SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Mótorhjól

Reiðhjól

Kría Hjól
Alhliða hjólaviðgerðir - Sérsmíðum hjól -Gerum upp hjól. Fagþjónusta á góðu verði Kría Hjól - Hólmaslóð 2 s.534 9164. kriacycles.com

Tjaldvagnar

Til sölu Ægis tjaldvagn árg. 2005 ásamt yfirbreiðslu,fortjaldi,kassa og grjótgrind. Vel með farinn. Ásett verð 630þ. S: 663 9902 691 1434.

Til Sölu, Compi Camp tjaldvagn, árg. 03. Ný tjöld og fortjald. Álkassi á beisli, skoðaður 11. Verð kr. 650þ uppl: 840 5053

Tækjaleiga

Bjóðum úrval tækja til leigu

KRAFTVÉLALEIGAN

Dalvegur 6-8 / 201 Kópavogur / Sími 535 3570 / www.kraftvelaleigan.is

Kerrur

Sumartilboð á kerrum
Brenderup 3205S - 204x142x35cm - 750kg - TILBOÐSVERÐ 182.000,- Skoðaðu úrvalið inni á heimasíðunni okkar www.Lyfta.is - 421 4037 - Njarðarbraut 1k - Reykjanesbæ.

155.000 kr. fyrir Þýska gæðakerru frá HUMBAUR kerru. Burðargeta 620 kg. Heildarþyngd 750 kg. Stærð 205x110x30 cm. topplausnir.is Lyngás 8, Garðabæ, s:517 7718

Hjólhýsi

Hobby 495 exclusive '98, ný innflutt og með öllu því helsta. Fæst á 1.690 þús. stgr. s.8477663

Fellihýsi

Fleetwood Evolution E1 2007, upphækkað, fortjald, markísa, sólarsella, 2 gaskútar, aukadýnur og teppi fylgja, tilboð kr. 2,1 m. Uppl. í s. 893 7388.

Coleman Cheyenne, árg. '01, 10 fet + nýlegt fortjald, geymslukassi, sólarrafhlaða, ísskápur, tveir gaskútar. Verð 900þús. s.8433964

Esterel Top Volume fellihýsi mjög vel með farið. Fortjald fylgir. Uppl. í s. 893 3395.

Vinnuvélar

Hjólbarðar

Þarftu að láta hjólastilla bílinn?
Við notum fullkomna hjólastillitölvu. Fullkomin smurstöð, fullkomið dekkjaverkstæði. PITSTOP, S: 565 2121 Hjallahrauni 4, 220 Hafnarfirði.

Varahlutir

BILAPARTAR.IS
Notaðir TOYOTA varahlutir
Sími: 587 7659

Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.

NET-PARTAR
PARTASALA ...NOTAÐIR VARAHLUTIR Í NÝLEGA BÍLA
486 4499
486 4477
www.netpartar.is

Bílapartasala
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. '03 og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

VW, Skoda, Audi, Pajero - varahlutir
S: 534 1045
Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Sérhæfum okkur einnig í viðgerðum á sömu tegundum. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj.

Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

Partasalan SU-MI Smiðjuvegi 11. Sonata 97, Impreza 99 og Skoda felicia 99, Peugeot 306 99, 206 og 406 ST. Nissan Almera 97, Ford 250 99, Megane 01. Opel Vectra '98, Baleno '98. Kaupi bíla til niðurrifs. Sími 661 5270.

Viðgerðir

Reiðhjóla, Sláttuvéla Smávélaviðgerðir. Hröð og ódýr þjónusta.
Gerum við allar gerðir af Reiðhjólum og sláttuvélum. Sláttuvélamarkaðurinn ehf S:517-2010 Smiðjuvegi 11.

Bílaleiga

9 manna hópferðabíll til leigu. Bílaleigan Jökull s: 571 2240.

Til sölu

M.BENZ C 200K AVANTGARDE

02/2008, ekinn 34 Þ.KM, sjálfskiptur, leður, fjarlægðarskynjarar og fullt af aukahlutum. **Verð 6.490.000.** #320975

Billinn stórglæsilegi er í salnum!

BÍLALIND.is

ÞJÓNUSTA

Pípulagnir

Faglærðir Píparar
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

Pípulagnir
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 699 6069 & 663 5315.

Hreingerningar

Flutningsþrif, gólfbónun, teppahreinsun, gluggaþvottur. Alhliða garðaþjónusta. www.hreingerningar.is S. 772 1450

Garðyrkja

Trjáklippingar
Trjáfellingar og runnaklippingar. Alhliða garða þjónusta. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur. Sími : 848 1723.

Sólpallasmíði Reykjavíkur
Vönduð vinnubrögð og hagstætt verð. S. 772 0864.

(59. Andri Rafn Y.	7)	Hilmar Geir Eiðsson	7
***Kristinn Steind.**	**8**	Jóhann B. Guðm.	6
Dylan Macallister	7	(67. Arnór Ingvi Tr.	5)
		Guðm. Steinarsson	6

**Maður leiksins*

FH marði Fram í rokinu í dalnum

Fram er enn án stiga í botnsæti Pepsi-deildarinnar eftir að liðið tapaði fyrir FH á heimavelli í gær. Þrjú mörk og eitt rautt spjald litu dagsins ljós í fjörugum leik. FH komst með sigrinum upp í fimmta sætið.

FÓTBOLTI Þrátt fyrir stífan vind vantaði ekki fjörið í Laugardalinn þegar FH lagði Fram 2-1 að velli í gær. Mörg færi litu dagsins ljós en FH lék einum færri síðustu tíu mínútur leiksins eftir að Hannes Þ. Sigurðsson fékk að líta rauða spjaldið.

Fyrri hálfleikur var sérstaklega fjörugur og fengu FH-ingar mörg færi með vindinn í bakið en Framarar náðu líka að ógna marki með skyndisóknum sínum og því var leikurinn skemmtilegri en fyrirfram mátti búast við í ljósi roksins.

Þrátt fyrir færin kom fyrsta markið ekki fyrr en á 44. mínútu þegar Framarar töpuðu boltanum klaufalega rétt fyrir utan eigin vítateig. „Mér fannst spilamennskan góð. Fyrri hálfleikur var erfiður gegn vindinum, það var erfitt við hann að eiga. Menn áttu erfitt með að hemja boltann en menn börðust og voru með rétt hugarfar og á tánum en fáum klaufalegt mark á okkur í lok fyrri háfleiks. Við gátum jafnað og eigum sláarskot strax í kjölfarið en litlu hlutirnir falla ekki með okkur," sagði Þorvaldur Örlygsson þjálfari Fram í leikslok en Jón Orri skallaði boltann í slána strax eftir að Björn Daníel Sverrisson hafði skorað fyrsta markið.

SÁ RAUTT Hannes Þ. Sigurðsson verður í banni í næsta leik.

> Markmið FH núna er að taka einn leik fyrir í einu. [...] Það þýðir ekkert fyrir okkur að horfa á önnur markmið.
>
> **HEIMIR GUÐJÓNSSON**
> ÞJÁLFARI FH

Seinni hálfleikur var ekki eins fjörugur og sá fyrri en Fram tókst að loka betur á miðjumenn FH og virkuðu líklegir til að jafna metin þegar Atli Viðar virðst gera út um leikinn þegar rúmar tíu mínútur eru eftir. Þá kom rauða spjaldið hjá Hannesi og Fram minnkaði muninn rétt á eftir þegar Kristinn Ingi náði að halda Birni Daníel frá boltanum en Björn var þá kominn í vinstri bakvörðinn í stað Viktors Arnar.

„Viktor er búinn að vera tæpur í náranum. Við urðum að taka hann af velli. Ég sá nú ekki hvað gerðist með Hannes en þegar menn eru komnir með gult spjald þá verða þeir að vera klókir," sagði Heimir Guðjónsson þjálfari FH í leikslok en rauða spjaldið á Hannes var hárréttur dómur.

Með sigrinum komst FH upp í fimmta sæti deildarinnar en liðið er átta stigum á eftir KR og virðist eiga litla möguleika í titilbaráttunni. „Við vorum með svipaðan stigafjölda á sama tíma í fyrra en auðvitað höfum við ekki verið að spila eins vel og við vildum, það er rétt. Það þýðir ekkert að væla yfir því, menn verða að snúa saman bökum og halda áfram og mér fannst við gera það," sagði Heimir.

„Markmið FH núna er að taka einn leik fyrir í einu og næst er leikur í Grindavík. Við eigum góðan tíma til að undirbúa hann. Það er það eina sem við horfum á núna. Það þýðir ekkert fyrir okkur að horfa á önnur markmið."

Staða Fram versnar enn á botninum en liðið er nú með tvö stig í átta leikjum en Þorvaldur segir sína menn ekki geta annað en að halda áfram að berjast. **- gmi**

EINBEITTIR Daði Guðmundsson, leikmaður Fram, og FH-ingurinn Ólafur Páll Snorrason eru vel með á nótunum.
FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

FRAM **1-2** FH

0-1 Björn Daníel Sverrisson (44.)
0-2 Atli Viðar Björnsson (77.)
1-2 Kristinn Ingi Halldórsson (82.)

Laugardalsvöllur, áhorf.: 1.005
Dómari: Þóroddur Hjaltalín Jr. (6)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	5–14 (3–6)
Varin skot	Ögmundur 4 – Gunnl. 1
Horn	2–9
Aukaspyrnur fengnar	13–6
Rangstöður	0–1

Fram 4–3–3 Ögmundur Kristinsson 6 – Daði Guðm. 6 (79. Guðm. Magnússon -), Kristján Haukss. 5, Jón O. Ólafss. 5 (83. Hlynur Atli -), Sam Tillen 6 – Halldór H. Jónsson 6, Jón G. Fjóluson 4, Almarr Ormarss. 5 – Kristinn I. Halldórsson 7, Tómas Leifsson 6 (79. Hjálmar Þórarinss. -) – Arnar Gunnl. 5.

FH 4–3–3 Gunnleifur Gunnleifsson 5 – Ásgeir Gunnar Ásgeirsson 5, Pétur Viðarsson 5, Freyr Bjarnason 6, Viktor Örn Guðmundsson 5 (80. Hólmar Örn -) – Hákon Atli Hallfreðsson 4 (68. Bjarki Gunnlaugsson 6), ***Björn Daníel Sverrisson 7**, Hannes Þ. Sigurðsson 6 – Matthías Vilhjálmsson 5, Ólafur Páll Snorrason 5, Atli Viðar Björnsson 6.

Kristinn Steindórsson var hetja Breiðabliks og skoraði bæði mörkin í 2-1 sigri á Keflavík í gærkvöldi:

Kristinn sá fyrir kærkomnum sigri Blika

FÓTBOLTI Íslandsmeistarar Breiðabliks náðu að innbyrða kærkominn sigur, 2-1, gegn Keflvíkingum á Kópavogsvelli í gær. Kristinn Steindórsson, leikmaður Breiðabliks, var frábær fyrir heimamenn og gerði bæði mörk Blika í leiknum.

Keflvíkingar komust yfir í leiknum eftir tuttugu mínútna leik þegar Hilmar Geir Eiðsson skoraði en fram að því hafði Breiðablik haft ágæt tök inni á vellinum. Rétt eftir mark Keflvíkinga fengu gestirnir ákjósanlegt færi til að komast í kjörstöðu en það fór forgörðum. Mark Blika lá í loftinu og það kom rétt fyrir lok fyrri hálfleiks þegar markamaskínan, Kristinn Steindórsson, skoraði glæsilegt mark eftir fína fyrirgjöf frá Dylan Macallister. Blikar byrjuðu síðari hálfleikinn vel og voru ákveðnir í öllum sínum aðgerðum á meðan Keflvíkingar áttu erfitt með að skapa sér hættuleg færi.

Kristinn Steindórsson kórónaði frábæran leik sinn með því að skora annað mark heimamanna hálftíma fyrir leikslok, en aftur var það Dylan Macallister sem gaf stoðsendinguna. Kristinn Steindórsson hefur nú gert átta mörk í Pepsi-deild karla í sumar og er langmarkahæstur það sem af er móti. Virkilega mikilvægur sigur fyrir Breiðablik sem fékk heldur betur kalda vatnsgusu í andlitið gegn BÍ/Bolungarvík í Valitor-bikarnum í síðustu viku.

ÞRJÚ STIG Í KÓPAVOGINN Magnús Sverrir Þorsteinsson og félagar í Keflavík máttu sætta sig við tap fyrir Breiðabliki í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

„Við höfum alltaf haft trú á verkefninu og erum búnir að vinna vel í okkar málum og þegar menn gera það, þá er þeim launað," sagði Ólafur Kristjánsson, þjálfari Breiðabliks eftir leikinn.

„Í kvöld var mikil festa í varnarleik okkar og allar okkar sóknaraðgerðir voru beinskeyttar. Það gekk vel að byggja upp spil sem lauk með hættulegu færi í kvöld og það hefur vantað örlítið í sumar. Liðið sýndi mikinn aga og allir leikmennirnir unnu vel fyrir sínu í kvöld," sagði Ólafur.

„Það er alltaf ömurlegt að tapa og sérstaklega í leik þar sem við áttum fína möguleika," sagði Willum Þór Þórsson, þjálfari Keflvíkinga, eftir leikinn.

„Við náðum góðri forystu og erum með fín tök á leiknum, en síðan gleyma leikmenn sér aðeins í lok hálfleiksins og þeir ná að jafna metin. Mínir menn vilja aftur á móti meina það að það hafi verið brotið illilega á þeim í aðdraganda marksins. Í seinna marki Blika gerum við okkur seka um alveg fáránleg mistök eftir að hafa unnið varnarvinnuna vel alveg fram að því. Við getum ekki fengið á okkur mark þar sem andstæðingur vinnur skallaeinvígi og kemur boltanum inn fyrir vörn okkar, það bara gengur ekki." **- sáp**

VINSÆLUSTU ÞÆTTIRNIR

Rizzoli & Isles

How I Met Your Mother

Damages

So You Think You Can Dance
Vinsælasti þátturinn vestanhafs

FRÁBÆRIR ÞÆTTIR SNÚA AFTUR!

Off the Map
frá þeim sem færðu okkur Grey's Anatomy

The Closer

True Blood

Cougar Town

FRÁBÆRT BÍÓ!

Seven Pounds
Body of Lies
When in Rome
The Last Song
Jumper

AFMÆLISSUMARIÐ Í FULLUM GANGI Á STÖÐ 2 Í JÚLÍ!

GRILLSKÓLI JÓA FEL
ALLT UM GRILLIÐ Í SUMAR

Skemmtilegri í 25 ár

FANTAGÓÐIR NÝIR ÞÆTTIR!

ÞÚ FÆRÐ STÖÐ 2, STÖÐ 2 BÍÓ OG STÖÐ 2 EXTRA
FYRIR AÐEINS
229 KR Á DAG

Hot in Cleveland

Sons of Anarchy

The Good Guys

HORFÐU HVENÆR SEM ER...
NÝTTU ÞÉR STÖÐ 2 FRELSI

...OG HVAR SEM ER!
FÆRÐU ÁSKRIFTINA UPP Í BÚSTAÐ ÞÉR AÐ KOSTNAÐARLAUSU

ÞAÐ ER ÓDÝRARA AÐ SKEMMTA SÉR HEIMA

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

> Jodie Foster

„Mig langar að verða Dakota Fanning þegar ég verð yngri.“

Jodie Foster leikur alríkislögreglukonuna Clarice Starling í kvikmyndinni The Silence of the Lambs. Raðmorðingi gengur laus og óskar hún aðstoðar mannætunnar dr. Hannibals Lecter til að stöðva morðingjann. Prælmögnuð mynd sem hlaut alls 5 Óskarsverðlaun og er sýnd á Stöð 2 bíói kl. 22.

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ SVAVAR HÁVARÐSSON ER EKKI FYRIR VIÐKVÆMA

Hvenær skal henda lyklinum?

Þau okkar sem horfum af athygli á þætti um sönn sakamál höfum úr allgóðu úrvali að velja, ekki síst eftir að Stöð 2 tók Investigation Discovery til sýningar. Um helgina var mál Arthurs Shawcross rifjað upp, en hann vann það sér til frægðar að myrða tólf vændiskonur á tæpum tveimur árum í borginni Rochester í New York-ríki. Morðæði Shawcross fangaði athygli heimsins á sínum tíma fyrir þær sakir að eftir því sem hann drap fleiri varð atferli hans sífellt óhugnanlegra. Ég forðast að lýsa þessu atferli hans í smáatriðum, slíkur var óhugnaðurinn. Gott er þó fyrir ykkur að vita að mannát kom við sögu.

Annað vekur þó enn meiri athygli þegar mál Shawcross er skoðað. Löngu áður en hann drap fyrstu konuna í Rochester árið 1988 hafði hann drýgt ólýsanlega glæpi. Tvö börn féllu fyrir hans hendi fimmtán árum fyrr og fyrir það var hann dæmdur. Geðlæknar komust hins vegar að því að óhætt væri að sleppa Shawcross úr fangelsi fyrir geðveika glæpamenn árið 1987 enda var hann nýr og betri maður að þeirra mati eftir margra ára meðferð. Eitt af skilyrðunum var þó að hann mætti ekki búa í Watertown, heimabæ barnanna sem hann myrti. Íbúar Rochester urðu skömmu síðar að axla byrðarnar vegna þessa fagmats.

Eftir að heimildarmyndin um Shawcross hafði runnið sitt skeið varð mér hugsað til þess að þó að öfgar þessarar sögu séu miklar þarf ekki að leita langt til að finna samsvörun. Á Íslandi má finna ýmsa samnefnara með sögum barnaníðinga, er það ekki? Hryllingssögur þeirra eru fréttaefni með reglulegu millibili; eftir að þeim hefur verið sleppt af einhverri stofnun. Oft að loknu fagmati.

RÚV

16.05 Íslenski boltinn (e)
17.05 Leiðarljós
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Tóti og Patti (12:52)
18.11 Þakbúarnir (11:52)
18.23 Skúli skelfir (46:52)
18.34 Jimmy Tvískór (5:13)
19.00 Fréttir
19.30 Veðurfréttir
19.35 Kastljós
20.05 Gengið um garðinn (Fossvogskirkjugarður) Egill Helgason og Guðjón Friðriksson sagnfræðingur og rithöfundur ganga um Fossvogskirkjugarð í Reykjavík, skoða leiði skáldanna sem þar hvíla og segja af þeim sögur. Áður sýnt í Kiljunni í vetur leið.
20.40 Að duga eða drepast (30:31) (Make It or Break It) Bandarísk þáttaröð um ungar fimleikadömur sem dreymir um að komast í fremstu röð og keppa á Ólympíuleikum. Meðal leikenda eru Chelsea Hobbs, Ayla Kell, Josie Loren og Cassie Scerbo.
21.25 Heilabrot (Hjärnstorm II) Í þessum þætti býður umsjónarmaðurinn, Henrik Fexeus, hópi fólks á skyndinámskeið um líkamstjáningu og athugar svo hvort það geti séð á fasi manns hvort hann lýgur eða segir satt.
22.00 Tíufréttir
22.15 Veðurfréttir
22.20 Þögnin (3:4) (The Silence)
23.20 Aðþrengdar eiginkonur (e)
00.05 Kastljós (e)
00.35 Fréttir (e)
00.45 Dagskrárlok

BÍÓ

08.30 Beverly Hills Cop
10.15 Sisterhood of the Traveling Pants 2
14.00 Beverly Hills Cop
16.00 Sisterhood of the Traveling Pants 2
18.00 Beethoven's Big Break
20.00 Mummy: Tomb of the Dragon Emperor
22.00 Silence of the Lambs
00.00 Nights in Rodanthe
02.00 The Last Time
04.00 Silence of the Lambs
06.00 Prizzi's Honor

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2
08.15 Oprah
08.55 Í fínu formi
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 The Doctors
10.10 Extreme Makeover: Home Edition
10.55 Wonder Years (17:17)
11.20 Office (2:6)
11.50 Burn Notice (13:16)
12.35 Nágrannar
13.00 American Idol (17:43)
14.20 American Idol (18:43)
15.00 Sjáðu
15.30 Barnatími Stöðvar 2
17.05 Bold and the Beautiful
17.30 Nágrannar
17.55 The Simpsons (13:25)
18.23 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.06 Veður
19.15 Two and a Half Men (16:24)
19.40 Modern Family (10:24)
20.05 Modern Family (23:24) Önnur þáttaröðin um líf þriggja tengdra en ólíkra nútímafjölskyldna, hefðbundinnar 5 manna fjölskyldu, samkynhneigðra manna sem eru nýbúnir að ættleiða dóttur og svo pars af ólíkum uppruna þar sem eldri maður hefur yngt upp í suðurameríska fegurðardís.
20.25 The Big Bang Theory (13:23) Þriðja serían um ævintýri nördanna viðkunnanlegu Leonard og Sheldon.
20.50 How I Met Your Mother (14:24)
21.15 Bones (14:23)
22.00 Entourage (1:12)
22.25 Bored to death (4:8)
22.50 Daily Show: Global Edition
23.20 Gossip Girl (19:22)
00.05 Off the Map (3:13)
00.50 Ghost Whisperer (15:22)
01.35 The Ex List (10:13)
02.20 NCIS: Los Angeles (9:24)
03.05 Eleventh Hour (9:18)
03.45 Nip/Tuck (3:19)
04.30 The Deep End (3:6)

SPORT *besta sætið*

07.00 Pepsi mörkin
08.10 Pepsi mörkin
15.10 Fram - FH Útsending frá leik Fram og FH í Pepsi deild karla í knattspyrnu.
17.00 Pepsi mörkin Hörður Magnússon, Hjörvar Hafliðason og Magnús Gylfason gera upp leikina í Pepsi deild karla. Öll mörkin og umdeildu atvikin eru skoðuð og farið yfir það sem vel er gert og það sem betur mátti fara hjá leikmönnum, dómurum og þjálfurum.
18.10 HP Búðarmótið Sýnt frá HP Búðarmótinu en mótið er hluti af Kraftasportinu en til leiks mæta flestir af sterkustu kraftajötnum landsins.
18.55 Meistaradeild Evrópu: Bayern München - Inter Milan
20.40 Veiðiperlur Flottur þáttur þar sem farið er ofan í allt milli himins og jarðar sem tengist stangaveiði. Farið verður í veiði í öllum landshornum og landsþekktir gestir verða í sviðsljósinu. Einnig verður farið ofan í saumana á lífstíl og matarmennsku í veiði.
21.10 European Poker Tour 6 Sýnt frá European Poker Tour þar sem mætast allir bestu spilarar heims.
22.00 Pepsi mörkin
23.10 Meistaradeild Evrópu: Real Madrid - Tottenham

SPORT 2 *enski boltinn*

18.00 Sunderland - WBA Útsending frá leik Sunderland og West Brom í ensku úrvalsdeildinni.
19.45 Premier League World Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegum hliðum.
20.15 Liverpool - Birmingham Útsending frá leik Liverpool og Birmingham City í ensku úrvalsdeildinni.
22.00 Man. Utd. - Blackpool Útsending frá leik Manchester United og Blackpool í lokaumferð ensku úrvalsdeildinnar.
23.45 PL Classic Matches: Manchester City - Tottenham, 1994

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
08.00 Rachael Ray (e)
08.45 Pepsi MAX tónlist
17.05 Dynasty (5:28)
17.50 Rachael Ray
18.35 America's Funniest Home Videos (49:50) (e)
19.00 High School Reunion (7:8) Bandarísk raunveruleikaþáttaröð þar sem fyrrum skólafélagar koma saman á ný, skemmta sér og gera upp gömul mál.
19.45 Whose Line is it Anyway? (19:39) Bráðskemmtilegur spunaþáttur þar sem allt getur gerst.
20.10 Survivor (7:16)
21.00 How To Look Good Naked - Revisit (3:3) **21.50 The Good Wife - LOKAÞÁTTUR** (23:23) Þáttaröð með stórleikkonunni Julianna Margulies sem slegið hefur rækilega í gegn. Ástarþríhyrningur Wills, Peters og Aliciu nær nýjum hæðum þegar Peter kemur með óvænt útspil og Alicia svarar fullum hálsi.
22.40 Green Room with Paul Provenza (5:6) Ólíkir grínistar heimsækja húmoristann Paul Provenza.
23.10 CSI: New York (2:22) (e)
00.00 Shattered (1:13) (e)
00.50 CSI: Miami (14:24) (e)
01.35 Smash Cuts (7:52) (e)
00.00 The Good Wife (23:23) (e)
02.45 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

06.00 ESPN America
08.10 Travelers Championship (2:4)
11.10 Golfing World
12.00 Golfing World
12.50 LPGA Highlights (9:20)
14.10 Travelers Championship (3:4)
17.00 US Open 2000 - Official Film
18.00 Golfing World
18.50 PGA Tour - Highlights (23:45)
19.45 BMW International Open (2:2)
22.00 Golfing World
22.50 PGA Tour - Highlights (18:45)
23.45 ESPN America

EXTRA

19.30 The Doctors
20.15 Grey's Anatomy (9:24) Fimmta sería þessa vinsælasta dramaþáttar í heimi. Meredith og Derek komast að því að það að viðhalda hinu fullkomna sambandi er mun erfiðara en þau áttu von á.
21.00 Fréttir Stöðvar 2
21.25 Ísland í dag
21.45 Fairly Legal (4:10) Ný þáttaröð sem fjallar um Kate Reed. Hún starfaði sem lögmaður á virtri lögfræðistofu fjölskyldunnar sinnar í San Francisco en ákvað að gerast sáttamiðlari þar sem henni fannst réttarkerfið ekki vera nógu skilvirkt.
22.25 Nikita (15:22) Ný og hörkuspennandi þáttaröð frá Warner Bros um leyniþjónustuna Division sem ræður til sín ungmenni sem áttu erfiða ævi. Leyniþjónustan eyðir öllum sönnunargögnum um fyrra líf þeirra og gerir þau að færum njósnurum og morðingjum. Njósnakvendið Nikita flýr þjónustuna og hyggur á hefndir, það reynist henni þrautin þyngri þar sem yfirmenn hennar senda sína bestu menn á eftir henni.
23.10 Saving Grace (13:14)
23.55 Grey's Anatomy (9:24)
00.40 The Doctors
01.20 Sjáðu
01.45 Fréttir Stöðvar 2
02.35 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

N4

18.15 Að norðan Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.
21.00 Bæjarstjórnarfundur Útsending frá bæjarstjórnarfundi frá því fyrr um daginn.

ÍNN

20.00 Hrafnaþing Nýsköpunarsjóður, höldum áfram að skoða tækifærin með Helgu Valfells.
21.00 Græðlingur Gróðurhús keypt í Húsasmiðjunni, annar þáttur.
21.30 Svartar tungur Sigmundur Ernir, Birkir Jón og Tryggvi Þór ræða pólitík.
Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

ÚTVARP FM

FM 88,5 XA-Radíó	**FM 90,9** Gullbylgjan	**FM 93,5** Rás 1	**FM 96,3** FM Suðurland	**FM 97,7** X-ið	**FM 99,4** Útvarp Saga	**FM 102,9** Lindin
FM 90,1 Rás 2	**FM 91,9** Kaninn	**FM 95,7** FM957	**FM 96,7** Létt Bylgjan	**FM 98,9** Bylgjan	**FM 102,2** Útvarp Latibær	**FM 105,5** Útvarp Boðun

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT 2 INNIHELDUR SPORT 2 SPORT 3 SPORT 4 SPORT 5 SPORT 6

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 22.00
Entourage

Sjötta þáttaröðin af Entourage um leikarann Vince og vini hans sem lifa hinu ljúfa lífi í Hollywood. Í fyrsta þættinum býr Vince sig undir bílprófið og að koma fram í þætti Jay Leno.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Tropicalia: Bylting í brasilískri tónlist **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Húslestrar á Listahátíð 2011 **14.00** Fréttir **14.03** Söngleikir **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Hin hljóðu tár **15.25** Málstofan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Eyðibýlið **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Í lok dags **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Ingibjörg og aðrar sjálfstæðisbaráttukonur **20.00** Leynifélagið **20.30** Sjö dagar sælir **21.27** Kvöldsagan: Njáls saga **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Djassvisjón Evrópu: Frá Brooklyn til Brussel **23.05** Við hafið **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

BBC entertainment

12.25 Allo Allo! **13.00** Allo Allo! **13.30** Allo Allo! **14.05** The Weakest Link **14.55** The Weakest Link **15.45** Fawlty Towers **16.20** Allo Allo! **16.55** Allo Allo! **17.30** Inspector Lynley Mysteries **18.20** Inspector Lynley Mysteries **19.10** Top Gear **20.00** The Graham Norton Show **20.45** The Office **21.15** Little Britain **21.45** Coupling **22.15** Jack Dee Live at the Apollo **23.00** Inspector Lynley Mysteries **23.50** Inspector Lynley Mysteries **00.35** Top Gear **01.30** The Graham Norton Show **02.15** The Office **02.45** Little Britain **03.15** Coupling

DR 1

11.30 Sommertid **12.00** Solens mad **12.30** 90'erne tur retur **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Aftenshowet **14.00** Byggemand Bob **14.10** Hyrdehunden Molly **14.30** Lille Nørd **15.00** Hercule Poirot **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** Hammerslag Sommermix **18.30** Mission. Baby **19.00** TV Avisen **19.25** Kontant **19.50** SportNyt 2011 - WHATS ON **20.00** Miss Marple **21.35** Verdens værste naturkatastrofer **04.00** Penelope **04.05** Chiro **04.10** Den lille røde traktor **04.20** Humf

NRK 1

11.35 Niklas' mat **12.05** Sommeråpent **12.55** Fotball **15.00** Muntre glimt fra Smil til the skjulte kamera **15.10** Poirot **16.00** Oddasat - nyheter på samisk **16.05** Nyheter på tegnspråk **16.10** Tilbake til 60-tallet **16.40** Distriktsnyheter **17.30** Grønn glede **18.00** Joanna Lumley. Draumen om Nilen **18.45** Extra-trekning **18.55** Distriktsnyheter **19.30** Sommeråpent **20.15** Ekstremsport **20.30** Nurse Jackie **21.00** Kveldsnytt **21.15** Nurse Jackie **21.45** Morgan Pålsson - utanriksreporter **23.10** Jon Dore-show

svt1

13.10 Gomorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** Vem tror du att du är? **14.50** K-märkt form **14.55** Alfredson och söner **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Hasse Alfredson - ett porträtt **17.10** Kulturnyheterna **17.20** Sverige i dag sommar **17.30** Rapport **17.52** Regionala nyheter **18.00** Allsång på Skansen **19.00** Morden i Midsomer **20.30** Ouppklarat **21.00** Svaleskär **21.30** Från Lark Rise till Candleford **22.30** Rapport **22.35** Thank You for Smoking **00.05** Rapport

ÚTILÍF

TJÖLDIN FÁST Í TJALDALANDI

TJALDALAND ÚTILÍFS ER VIÐ HLIÐINA Á TBR-HÖLLINNI VIÐ GLÆSIBÆ

UPPSETT TJÖLD TIL SÝNIS ALLA VIRKA DAGA FRÁ KL. 10-17. FLEIRI UPPLÝSINGAR Á WWW.UTILIF.IS

VERÐ: 32.990 / 39.990 KR.
HIGH PEAK COMO 4 OG 6 MANNA
Tvískipt innratjald með fortjaldi á milli. Vatnsvörn 2.000 mm. Yfirlímdir saumar. Hæð 190/200 cm.

TILBOÐ: 45.990 KR.
HIGH PEAK ANCONA 5 MANNA
Rúmgott fjölskyldutjald. Vatnsvörn 3.000 mm. Yfirlímdir saumar. Dúkur í fortjaldi. 2 inngangar. Hæð 200 cm. Almennt verð: 54.990 kr.

TILBOÐ: 79.990 KR.
ACADIA 5-7 MANNA
Rúmgott fjölskyldutjald með áföstum gólfdúk. Auðvelt í uppsetningu miðað við stærð. Vatnsvörn 3.000 mm. Yfirlímdir saumar. 2 inngangar. Hæð 190 cm. Almennt verð: 99.990 kr.

VERÐ: 29.990 KR.
HIGH PEAK IKARIA 4 MANNA
Braggatjald með áföstum dúk. Stöðugt í vindi. Vatnsvörn 3.000 mm. Yfirlímdir saumar. 2 inngangar. Hæð 130 cm.

TILBOÐ: 14.490 KR.
HIGH PEAK NEVADA 3 MANNA
Sigilt 3 manna kúlutjald með fortjaldi. Vatnsvörn 2.000 mm. Yfirlímdir saumar. Hæð 120 cm. Almennt verð: 16.990 kr.

VERÐ: 19.990 / 23.990 KR.
HIGH PEAK CAVE 2 OG 3 MANNA
Göngutjald sem er auðvelt í uppsetningu og aðeins 2,9 kg. Vatnsvörn 2.000 mm. Yfirlímdir saumar. Fíbersúlur. Hæð 90 cm.

VERÐ: 54.990 KR.
THE NORTH FACE TADPOLE 2 MANNA
Létt göngutjald 2,4 kg. Vatnsvörn 1.500 mm taffeta. Botn 5.000 mm taffeta. Álsúlur. Hæð 100 cm.

TILBOÐ: 51.990 KR.
HIGH PEAK DENALI 3 MANNA
Göngutjald með góðu fortjaldi. Vatnsvörn 4.000 mm. Botn 5.000 mm. Álsúlur. Hæð 120 cm. Þyngd 4,35 kg. Almennt verð: 64.990 kr.

NÁÐU ÁRANGRI. ÚTILÍF – HOLTAGÖRÐUM. GLÆSIBÆ. KRINGLUNNI. SMÁRALIND. WWW.UTILIF.

skemmtilegri

ÆM DJÖSTA VILD GÆ

- Nú geturðu byrjað að nota punktana þína sem þú hefur safnað í Stöð 2 Vild.
- Kauptu viðbótaráskrift fyrir punkta.
- Nýttu punktana þína upp í glæsileg tilboð hjá Vildarvinum Stöðvar 2.
- Kannaðu punktastöðuna þína á stod2.is og njóttu allra þeirra fríðinda sem Stöð 2 Vild býður upp á.

Stöð 2 | VILD
Allt fyrir áskrifendur

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR Stöð 2 Stöð 2+ Stöð 2 BÍÓ Stöð 2 BÍÓ+ Stöð 2 EXTRA Stöð 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR.

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

SJÓNVARPSÞÁTTURINN

„Ég myndi halda að það væri Family Guy. Hann er viðbjóðslega fyndinn.“

Böðvar Reynisson, söngvari í hljómsveitinni Dalton.

Gerir heimildarmynd um Gauja Þórðar

„Ég vinn þetta bara í hjáverkum, ég gríp í þetta þegar tækifæri gefst til,“ segir Trausti Salvar Kristjánsson, knattspyrnuáhugamaður með meiru. Hann vinnur að heimildarmynd um Guðjón Þórðarson, núverandi þjálfara BÍ/Bolungarvíkur.

Trausti var á vellinum þegar BÍ/Bolungarvík vann óvæntan sigur á liði Íslandsmeistaranna í Breiðabliki í Valitor-bikarkeppninni í síðustu viku. Hann var með myndavél festa við varamannaskýlið og gat með því móti náð öllum svipbrigðum Guðjóns þegar leikar stóðu hæst. „Ég hef einnig fengið að fara með tökuvélina inn í klefa í hálfleik,“ segir Trausti, en hann byrjaði að fylgjast með Guðjóni þegar undirbúningstímabil BÍ/Bolungarvíkur stóð sem hæst. Trausti vonast til að heimildarmyndin gefi skýra mynd af öllum ferli Guðjóns og hann langar til að kafa ofan í persónu þjálfarans. „Hann er náttúrulega mjög umdeild persóna og þjálfari. Þetta er því ekki bara heimildarmynd um knattspyrnuþjálfarann Guðjón Þórðarson heldur einnig um pabbann, eiginmanninn og manneskjuna sjálfa.“

Guðjón er eflaust einn þekktasti knattspyrnuþjálfari landsins; hann gerði lið KA og ÍA að Íslandsmeisturum og KR að bikarmeisturum. Hann var einnig farsæll sem landsliðsþjálfari og reyndi fyrir sér á enskri grund, meðal annars hjá Stoke og Barnsley, áður en hann sneri aftur heim.

Guðjón sagðist sjálfur lítil deili vita á þessu verkefni í samtali við Fréttablaðið. „Þetta er blint stefnumót við framtíðina,“ segir Guðjón og bætir því við að ekki sé búið að skrifa neitt handrit. - fgg

UMDEILDUR Trausti Salvar Kristjánsson hyggst kafa ofan í persónuna Guðjón Þórðarson, sem hefur verið stöðugt á milli tannanna á Íslendingum.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Julia Bradbury, sjónvarpskona hjá BBC, lagði það nýverið á sig að ganga Fimmvörðuhálsinn og gerði göngu sinni skilmerkilega skil í nokkrum þáttum á BBC Four. Bradbury var síðan í viðtali við Telegraph um helgina þar sem hún var spurð nokkurra spurninga um Ísland og eru svör hennar nokkuð merkileg.

Bradbury mælir til að mynda ekki með því að fólk bjóði gestum og gangandi í glas, því það muni setja ferðalanginn á hausinn. Hún leggur jafnframt til að fólk taki með sér svefngrímur, því það sé bjart allan sólarhringinn. Þá mælir hún með gistingu á Kex Hostel þar sem **Pétur Marteinsson** ræður ríkjum, Boston sé barinn og Hafið bláa á Eyrarbakka sé rétti staðurinn fyrir kvöldverðinn.

Áfram kvisast út sögurnar af svaðilför Jake Gyllenhaal og **Bear Grylls** hér á landi. Eins og Fréttablaðið greindi frá komu tvímenningarnir hingað til lands í apríl til að taka upp þátt fyrir Man vs. Wild. Grylls segir að hann hafi aldrei lent í öðrum eins veðurofsa á sínum tíu ára sjónvarpsferli eins og uppi á íslenska hálendinu. „Þota fauk á flugvellinum á meðan ég var í fimm þúsund feta hæð,“ er haft eftir Grylls.

Nú styttist óðfluga í tónlistarhátíðina Bræðsluna, sem verður haldin á Borgarfirði eystri 23. júlí. Þar spilar írski Óskarsverðlaunahafinn **Glen Hansard** ásamt Jónasi Sigurðssyni og Ritvélum framtíðarinnar, Hjálmum, Vaxi og Svavari Knúti. Hansard er þessa dagana á tónleikaferð um Bandaríkin þar sem hann hitar upp fyrir ekki ómerkari mann en Eddie Vedder, söngvara Pearl Jam. Vedder gaf nýverið út sólóplötuna Ukulele Songs þar sem hann syngur með Hansard í einu lagi.

- fgg, fb

MARÍA MJÖLL: FÉKK MÉR TWITTER TIL AÐ FYLGJAST MEÐ JUSTIN BIEBER

Hann er fáránlega sætur

„Það eru fyrst og fremst sagan hans og lögin sem heilla stelpur, en svo er hann auðvitað alveg fáránlega sætur,“ segir María Mjöll Björnsdóttir, 16 ára Kópavogsmær og einn helsti Justin Bieber-aðdáandi Íslands.

María Mjöll hefur verið aðdáandi söngvarans síðan í byrjun árs 2010 og stofnaði hún Twitter-aðgang í þeim tilgangi að fylgjast betur með honum. „Ég fékk mér Twitter í ágúst í fyrra og það var svo hinn 18. febrúar sem Justin „elti“ mig til baka,“ segir María Mjöll, en á Twitter getur maður fylgst með hverjum sem er og fengið fylgjendur til baka. Það þykir þó sjaldgæft að fræga fólkið elti aðdáendur sína. „Ég held að ég hafi verið komin með 8-9 þúsund „tvít“ áður en hann elti mig loksins,“ segir María en bætir við að „tvítin“ hafi þó ekki öll verið tileinkuð söngvaranum.

María segir að hún hafi kynnst fjölmörgum aðdáendum Biebers á Twitter. „Um leið og hann elti mig birtist ég efst á Twitter-síðunni hans. Í kjölfarið fékk ég um 500 fylgjendur, sem allir voru aðdáendur Justins og höfðu séð mig á Twitter-síðunni hans.“ María hefur þó ekki ennþá fengið svar frá Bieber sjálfum, en hann þykir koma vel fram við aðdáendur sína og á það til að svara hörðum aðdáendum á samskiptasíðunni.

Söngvarinn ungi olli miklum vonbrigðum hjá stúlkum víðs vegar um heiminn þegar hann viðurkenndi samband sitt við söng- og leikkonuna Selenu Gomez. Hvað finnst fólki almennt um Selenu? „Sumir hata Selenu en aðrir fíla hana. Ég hef ekki mikla skoðun á henni. Ég er ekki þessi Justin Bieber-aðdáandi sem heldur að ég muni giftast honum,“ segir María og hlær. Hún viðurkennir að hún viti um stelpur hér á landi sem séu harðari aðdáendur en hún. María Mjöll stefnir á að komast á tónleika með Bieber. „Ég ætla að reyna að fara á næsta ári. Það voru tónleikar í London núna í mars en mig vantaði ferðafélaga,“ segir María og útskýrir að vinkonur hennar séu ekki jafn miklir Bieber-aðdáendur. María segir þó að á Facebook sé að finna hóp íslenskra stúlkna sem tileinkaður sé söngvaranum. „Það er alveg hellingur af stelpum í þessum hóp og við setjum inn fréttir og myndir af Justin og svona. Þessar stelpur hafa líka hist og rætt Justin Bieber en ég hef ekki náð að hitta þær,“ segir María. En hvernig finnst henni íslensku strákarnir í samanburði við Justin Bieber? „Íslensku strákarnir eru náttúrulega sætastir,“ segir María Mjöll að lokum.

ENGINN EINS OG BIEBER María Mjöll heldur mikið upp á Justin Bieber. Hún fylgist reglulega með söngvaranum á Twitter og vonar að einn daginn muni hann „tvíta“ hana til baka. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

kristjana@frettabladid.is

Fámennt en góðmennt í Galtalæk

„Við erum alls ekki ánægðir með þetta en svona gerist stundum,“ segir Alexander Kárason, einn aðstandenda tónlistar-og jaðarsportshátíðar sem fram fór í Galtalæk um helgina, en gestafjöldi hátíðarinnar var langt undir væntingum.

Lögreglan staðfestir að um 500 manns hafi verið þegar mest lét en aðstandendur hátíðarinnar höfðu reiknað með 5.000 gestum. Alexander kennir helst tímasetningunni um slæma mætingu, en helgin var síðasta helgi fyrir mánaðamót og önnur útihátíð er á svipuðum stað eftir tvær vikur. „Já, við kennum helst röngum dagsetningum um það að fólkið lét ekki sjá sig. Við erum samt að skoða allar hliðar og viljum ekki bara kenna því um.“ Alexander vill meina að slæm mæting hafi bitnað hvað mest á listamönnunum, enda ekki gaman að spila fyrir fáa áhorfendur. Á hátíðinni komu meðal annars fram Dikta, Blaz Roca, Valdimar og Friðrik Dór.

„Það var fámennt en góðmennt. Ég fór beint eftir tónleikana mína, svo ég gisti ekki á svæðinu,“ segir Erpur „Blaz Roca“ Eyvindarson og bætir við að hann hafi þó náð góðri stemningu á sínum tónleikum.

„Það var allavega nóg pláss fyrir þá sem komu og gestir skemmtu sér vel. Allir sem lögðu hönd á plóg stóðu sig með sóma,“ segir Alexander og vill ekkert gefa upp um hvort lagt verði í að halda sams konar hátíð að ári.

- áp

EKKI ÁNÆGÐIR Alexander Kárason og aðstandendur útihátíðarinnar sem fór fram í Galtalæk um liðna helgi voru ekki ánægðir með mætinguna, sem var langt undir væntingum. Erpur Eyvindarson kom fram á hátíðinni og segir að fámennt hafi verið en góðmennt.

FASTEIGNA-MARKAÐURINN
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9–17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.
Gullsmári 10 - Kópavogi.
OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17-19
OPIÐ HÚS
Falleg og vel skipulögð 70,5 fm. 2ja herb. íbúð á jarðhæð að meðt. sér geymslu. Björt stofa með útgangi á hellulagða verönd til suðurs út af stofu. Ljós viðarinnrétting í stofu. Rúmgott svefnherbergi. Þvottaherbergi innan íbúðar. Stutt í alla þjónustu. Verð 19,9 millj. SKIPTI MÖGULEG Á 3JA – 4RA HERB. ÍBÚÐ Í KÓPAVOGI, GARÐABÆ EÐA Í HAFNARFIRÐI.
Íbúðin verður til sýnis í dag, þriðjudag, frá kl. 17-18.
Íbúð merkt 0101. Viðar og Ellen sýna. Verið velkomin.

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

→ flugfelag.is

Alltaf ódýrast á netinu

SKEMMTUM OKKUR INNANLANDS

TAKTU FLUGIÐ Á SKEMMTILEGA VIÐBURÐI UM ALLT LAND Í JÚLÍ. HÉR ERU ÖRFÁ DÆMI UM ÞAÐ SEM ER AÐ GERAST Í MÁNUÐINUM:

Akureyri	**30. júlí – 1. ágúst**	Ein með öllu
Ísafjörður	**8. – 9. júlí**	Púkamótið
	15. – 17. júlí	Vesturgatan, hlaupahátíð
	30. júlí – 1. ágúst	Mýrarbolti
Neskaupstaður	**7. – 9. júlí**	Eistnaflug
Borgarfjörður eystri	**14. – 17. júlí**	Bræðslan
Fáskrúðsfjörður	**22. – 24. júlí**	Franskir dagar
	30. júlí – 1. ágúst	Neistaflug
Egilsstaðir	**30. júlí – 1. ágúst**	Unglingamót UMFÍ
Hrísey	**16. – 18. júlí**	Fjölskyldu- og skeljahátíð

→ bókaðu flugið tímanlega á **flugfelag.is**

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst:húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir
Meiri Vísir.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Hluthafafundur á Kex

Gistiheimilið Kex við Skúlagötu virðist ætla að verða heitasti staður borgarinnar þetta sumarið. Barinn og veitingastaðurinn hafa notið mikilla vinsælda enda var vandað til verka við hönnun staðarins og nærvera eigendanna þykir heldur ekki skemma fyrir. Staðurinn er sem kunnugt er í eigu fótboltakappanna **Eiðs Smára Guðjohnsen**, Hermanns Hreiðarssonar og Péturs Marteinssonar auk nokkurra félaga þeirra.

Eigendurnir hertóku staðinn á sunnudagskvöldið og gerðu sér glaðan dag. Svo mikil var gleðin reyndar að einhverjir tilvonandi matargestir létu sig hverfa þegar ekki var útlit fyrir að nokkur áhugi væri á að taka á móti þeim.

Ekkert verkfall hjá Pollapönki

Haraldur F. Gíslason, formaður Félags leikskólakennara, stendur í ströngu þessa dagana. Leikskólakennarar hafa ákveðið að boða til verkfalls hinn 22. ágúst næstkomandi, náist ekki kjarasamningar fyrir þann tíma. Sem kunnugt er hefur Haraldur starfað sem leikskólakennari til margra ára, ásamt því að vera trommuleikari í hljómsveitinni Botnleðju og einn forsprakka stuðsveitarinnar Pollapönks. Meðfram því sem Haraldur stendur í samningaviðræðum og undirbýr verkfallsaðgerðir mun Pollapönk skemmta gestum og gangandi á Hamingjudögum á Hólmavík nú í vikunni og um næstu helgi.

- hdm, sv

Mest lesið

vísir

1. Skipverjar keppa í planki - Alltaf eitthvað að bauka
2. Undirskriftavél Bandaríkjaforseta afhjúpuð
3. Starfsmaður Lyfja og heilsu dró að sér fé
4. Besta opnun sem menn muna
5. Loftsteinsins vænst klukkan fimm í dag

Í svefnherbergið

Gerið GÆÐA- og verðsamanburð

NÝTT 12 mánaða vaxtalausar greiðslur

Júnítilboð

Stærð	Verð áður	Tilboð
80x200	69.900 kr.	64.900 kr.
90x200	69.900 kr.	64.900 kr.
120x200	84.900 kr.	74.900 kr.
140x200	89.900 kr.	79.900 kr.
153x203	99.900 kr.	94.900 kr.

VALHÖLL

Bonnel gormakerfi, gæðabólstrun, sterkar kantstyrkingar, góð nýting á svefnfleti

SAGA

Hágæða heilsudýna
7 svæðaskipt pokagormakerfi með góðum lágbaksstuðningi og mýkra og betra axlasvæði. Vönduð yfirdýna með 4cm þrýstijöfnunarefni og eggjabakka. Vandaðar steyptar kantstyrkingar sem fullkomna nýtingu á svefnfleti, þarf aldrei að snúa við

Stærð	Verð
90x200	89.900 kr.
100x200	94.900 kr.
120x200	109.900 kr.
140x200	119.900 kr.
153x203	129.900 kr.
160x200	134.900 kr.
180x200	149.900 kr.
180x210	159.900 kr.
193x203	169.900 kr.

ÞÓR

Hágæða heilsudýna
7 svæðaskipt tvöfalt pokagormakerfi með góðum lágbaksstuðningi og mýkra og betra axlasvæði. Vönduð yfirdýna með 4cm þrýstijöfnunarefni og eggjabakka. Vandaðar steyptar kantstyrkingar sem fullkomna nýtingu á svefnfleti, þarf aldrei að snúa við

Stærð	Verð
100x200	104.900 kr.
120x200	124.900 kr.
140x200	139.900 kr.
153x203	149.900 kr.
160x200	154.900 kr.
180x200	174.900 kr.
180x210	189.900 kr.
193x203	199.900 kr.

IQ-CARE

Ein besta heilsudýna í heimi, háþróuð þrýstijöfnunarheilsudýna, með 7 svæðaskiptum svefnfleti, mjúk og þægileg við axlasvæði, veitir góðan stuðning við lágbakssvæði, fullkomin nýting á svefnfleti, þarf aldrei að snúa við

Stærð	Verð
90x200	144.900 kr.
100x200	149.900 kr.
120x200	164.900 kr.
140x200	179.900 kr.
153x203	179.900 kr.
160x200	199.900 kr.
180x200	229.900 kr.
180x210	249.900 kr.
193x203	259.900 kr.

Öll verð með íslenskum botni og fótum

Svefn & heilsa

www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00